

ÁVARP FORMANNS

Ég hef nú verið formaður KSÍ um nokkurt árabil og haft af því ómælda ánægju að taka þátt í því gefandi og jákvæða starfi sem felst í því að vera í forystu fyrir heildarsamtök þessarar frábæru íþróttar. Fyrir mér hafa það ætíð verið forréttindi að hafa traust og trúnað ykkar til að gegna þessu þýðingarmikla forystuhlutverki.

Þetta starf er skemmtilegt, einkum ef góðir sigrar vinnast eða góðir samningar nást. En starfið er líka gefandi í mótlati og þá einmitt gerir maður sér betur grein fyrir en ella hversu mikill samtakamáttur og kraftur knattspyrnuhreyfingarinnar er.

Við erum fjölmennt og sterkt afl í íslensku samfélagi. Á okkur hvílir mikil ábyrgð og sífelld krafa um að gera enn betur. Verk okkar eru ekki alltaf metin sem skyldi, en við látum okkur fátt um finnast ef við erum sannfærð um að við höfum unnið af hugsjón og heilindum. Við sækjumst ekki eftir lofi og þökkum, við sækjumst eftir árangri og þeirri ánægju sem felst í því að láta gott af sér leiða. Hlutverk okkar sem sitjum í stjórn KSÍ og stjórnnum félaganna er að skipuleggja hreyfinguna og veita henni forystu. Knattspyrnuhreyfingunni ber að standa sem ein órofin heild út á við.

Ágreining um leiðir og stefnur eigum við að leysa á lýðræðislegan hátt og takast á um málin á ársþingum. Þegar niðurstöður liggja fyrir og meirihlutinn hefur sagt sína skoðun á stefnu og starfsemi KSÍ, stendur hreyfingin saman sterk og sameinuð. Á því byggist styrkur okkar í dag og til framtíðar.

En bæði gagnrýni og hrós á störf og stefnu eiga að koma fram á ársþingum og þar á að fara fram stefnumótandi umræða um fram-

tíðina. Forystufólk í hreyfingunni verður ávallt að hafa félagslegan þroska og nægilega víðsýni til að sjá starfsemi heildarinnar. Á því hefur styrkur Knattspyrnusambands Íslands byggst hingað til.

Ég horfi mjög stoltur yfir það ótrúlega mikla og góða starf sem unnið er í félögunum okkar. Það er í raun alveg ótrúlegt hve margir leggja þar hönd á plóginn í hreinu sjálfbóðaliðastarfi og hversu mikla vinnu þessir einstaklingar eru reiðubúnir að inna af hendi til að starfsemin gangi upp.

Félögin hafa breyst mjög til hins betra á undanförunum árum. Það er meira skipulag á hlutunum, meiri fagmennska en áður var, meiri festa í fjármálastjórn og meiri krafa til faglegrar umgjörðar og eftirlits í þeim málaflokki en áður. Meiri kröfur eru gerðar til menntunar starfsmanna og þjálfara og einnig hefur átt sér stað mikil uppbygging hvað varðar keppnis- og æfinga-aðstöðu félaganna.

Félögin hafa sinnt kalli tímans, tekið sig verulega á í mörgum málum og eru þannig miklu betur í stakk búin til að þjóna sínum viðskiptavinum, þ.e. öllum þeim fjölda sem þar æfir og þeim sem mæta á leiki sem áhorfendur, sem og foreldrum sem fylgjast með börnum sínum og loks viðkomandi sveitarfélögum og samstarfsaðilum.

Allt hefur þetta gert félögin betri og styrkt innviði þeirra. Án sterkrar forystu og framsýni í félögunum er þetta ekki hægt. Því er mikilvægt að sífelld endurnýjun eigi sér stað og nýtt fólk með nýjan metnað, kraft og áherslur finnist og sé reiðubúið að takast á við forystuhlutverkið. Við vitum öll að þetta er mikið starf, en jafnframt hversu ótrúlega gefandi það er að láta gott af sér leiða í heilbrigðu starfi innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Ég er stoltur af starfinu í félögunum. Ef það á að vera kraftur í íslenski

knattspyrnuhreyfingu þá verður sá kraftur að koma frá félögunum. Vinna félaganna er uppspretta þeirra jákvæðu hluta sem eru að gerast í íslenskri knattspyrnu.

Knattspyrnan í mörgum löndum Evrópu í dag er hluti af ört vaxandi og sífelld umfangsmeiri atvinnugrein, afþreyingariðnaðinum. Með sífelld auknum frítíma fólks, styttri vinnutíma og styttri vinnuævi mun þessi afþreyingariðnaður enn vaxa til framtíðar.

Stórar sjónvarpsstöðvar sem í dag eru risar á þeim markaði hafa byggst upp og orðið stórveldi fyrst og fremst með því að tryggja sér sjónvarpsrétt á knattspyrnu. Eitt besta dæmið um þetta þekkjum við vel, en það er Sky-fjölmiðlaveldið sem hefur orðið að stórveldi, fyrst og fremst vegna ensku úrvalsdeildarinnar.

Á árabílinu 1993-2001 varð bylting í tekjum vegna sjónvarpsréttar og meðal annars vegna tilkomu áskriftarsjónvarpsstöðva og síðar “pay per view”, þ.e. þegar fólk greiðir sérstaklega fyrir einstaka atburði í beinni útsendingu. Allt skapaði þetta stórauðnað samkeppni á þessum markaði. Hver hefði til dæmis trúnað því fyrir nokkrum árum að árið 2004 hefði BBC enga knattspyrnu á sinni sjónvarpsdagskrá.

Sjónvarpsrétturinn hækkaði gífurlega á þessum árum og það hlaut að koma að því að eitthvað léti undan. Nýjar sjónvarpsstöðvar reistu sér hurðarás um öxl sem enduðu annaðhvort með gjaldþrotum eða samrunaferli. Einnig má segja að framboðið á beinum útsendingum frá knattspyrnuleikjum um alla Evrópu var orðið hættulega mikið.

Markaðurinn var bæði yfirmettaður og verðið á sjónvarpsréttinum stóðst ekki. Sterkir sjónvarpsrisar og sjónvarpsréttar- og markaðsfyrirtæki urðu gjaldþrota, ég nefni

sem dæmi Kirch-samsteypuna í Þýskalandi og ISL í Sviss. Bæði voru þetta geysilega öflug og rík fyrirtæki þegar best lét, sem engum gat dottið í hug að færu á hausinn. Þessar ástæður hafa gert það að verkum að þessi markaður hefur verið í nokkurri kreppu að undanfögnu og tekjur minnkað verulega, t.d. um allt að 30% í Þýskalandi. Af þessari ástæðu tók til dæmis stjórn UEFA ákvörðun um að breyta Meistaradeildinni á síðasta ári og fækka leikjum.

Sala sjónvarpsréttar skiptir gríðarlega miklu máli hvað varðar landslið Íslands, Landsbankadeild og VISA-bíkar og tekjur af þeim skipta sköpum fyrir fjárhag íslenskrar knattspyrnu. Þegar KSÍ gerði síðasta sjónvarpssamning var um góða tímasetningu að ræða, því það gerðist í upphafi ársins 2001 og um mitt það ár byrjaði hrúnið á þessum markaði. Við vorum heppin þá og náðum að okkar mati frábærum samningi fyrir íslenska knattspyrnu.

Það var mín skoðun og þeirra sem fylgjast með þessum málum af hálfu KSÍ að rétt væri að hefjast strax handa á árinu 2003 og kanna möguleika á nýjum samningi 2006-2009. Eftir langar og strangar samningaviðræður milli aðila sem stóðu megnið af árinu 2003 var skrifað undir nýjan samning milli KSÍ og Sport-five, tveimur klukkustundum fyrir HM dráttinn í Frankfurt. Hann var með fyrirvara um samþykki framkvæmdastjórnar Sport-five annars vegar og hins vegar beinnar samþykktar stærsta eiganda Sport-five, sem sýnir vel stærð og þýðingu þessa samnings. Það samþykki lá fyrir um miðjan janúar.

Ég get upplýst það hér að mestu átökin stóðu um Landsbankadeild og VISA-bíkar, og markaðsréttinn á þessum keppnum, því ljóst er að Sport-five hefur tapað talsverðum fjárhæðum þar og vildu vera lausir

við að kaupa þau réttindi. En það er mikill léttir að þessi samningur sé í höfn, mjög hagstæður nýr samningur sem tryggir mikla og stöðuga fjármuni inn í íslenska knattspyrnu alveg fram til ársloka 2009. Fyrir lítið knattspyrnusamband eins og það íslenska er það algjör lykilsenda að hafa þessi mál vel tryggð til framtíðar.

Árið 2003 var frábært í íslenskum fótbolta hvað varðar landsliðin og eflaust það besta frá upphafi. A landslið karla og kvenna náðu bæði mjög góðum árangri og vöktu mikla athygli heima og erlendis fyrir góða sigra. Um tíma voru bæði þessi landslið með forystu í sínum riðlum í viðkomandi undankeppnum, og reyndar er A landslið kvenna enn með forystu í sínum riðli sem segir meira en mörg orð. Einnig var mjög góður árangur í yngri landsliðum, sérstaklega í U17 karla og U19 kvenna en bæði þau landslið komust áfram í milliriðla í Evrópukeppnum.

Í apríl í fyrra, í framhaldi af vináttuleik við Finna sem tapaðist 0-3, ákvað Atli Eðvaldsson, í góðu samstarfi við stjórn KSÍ, að segja lausu starfi sínu sem landsliðsþjálfari. Tímabundið voru þá ráðnir til að taka við liðinu þeir Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson. Undir þeirra stjórn náðist mjög góður árangur og því var ákveðið að semja við þá um að stjórna liðinu til 2005, þ.e. fram yfir riðlakeppni HM. Þeir vinna þetta starf saman og mjög náð, en þó er skýrt tekið fram í þeirra ráðningarsamningum að Ásgeir Sigurvinsson hefur úrslitavald. Það er hann sem tekur lokaákvæðanir og um leið má segja að hann axli meiri ábyrgð. Ég vil nota tækifærið og þakka Atla Eðvaldssyni góð störf fyrir KSÍ um átta ára skeið og óska honum góðs gengis í nýjum störfum innan hreyfingarinnar.

Ég hef rætt það áður að gildi vináttulandsleikja hefur minnkað af

ýmsum ástæðum. Stjórn UEFA tók á liðnu ári þýðingarmikla ákvörðun sem varðar einmitt þau mál og átti undirritaður stóran þátt í því sem stjórnarmaður UEFA. Breytingin fólst í því að riðlar fyrir HM í Þýskalandi 2006 og eins fyrir EM 2008 eru stækkaðir. Þannig eru nú 6 og 7 liða riðlar í HM 2006, en verða 7 og 8 liða fyrir EM 2008. Því fjölgar alvöruleikjum sem vekja meiri áhuga hjá öllum, hvort sem það eru leikmenn eða áhorfendur. Þetta er búið að vera okkar baráttumál í langan tíma og ánægjulegt að sjá það í höfn.

Að vanda var mikið fjör á knattspyrnuvöllum landsins síðasta sumar. Ég óska öllum til hamingju sem unnu glæsta sigra á liðnu starfsári, þeim sem unnu Íslandsmeistarátitla, urðu deildarmeistarar og unnu sig upp um deild. Innilegar hamingjuóskir til ykkar allra, þið eruð öll sigurveggarar keppnistímabilsins 2003. Ég vil sérstaklega óska KR til hamingju með tvöfaldan sigur, þ.e. í Landsbankadeild karla og kvenna, ÍA til hamingju með VISA-bíkar karla og Val með VISA-bíkar kvenna.

UEFA á 50 ára afmæli á árinu 2004 og verður þess minnst á margvíslegan hátt, m.a. með því að ein vika í júní verður tileinkuð íslenskri knattspyrnu á uefa.com. Aðildarþjóðir UEFA eru 52, þannig að í heilt ár er ein vika tileinkuð hverri þjóð. Afmælisgjöf UEFA til KSÍ er að veita 1 milljón svissneskra franka, eða um 56 milljónum íslenskra, sem styrk til að byggja upp litla gervigrasvelli vítt og breitt um landið, en jafnframt er skilyrt að fleiri aðilar komi að þessu máli peningalega þannig að um verulegt átak sé að ræða.

KSÍ sótti strax um styrk til fjárlaganefndar Alþingis vegna þessa verkefnis og fékk í ár úthlutað 30 milljónum króna, og vonast er eftir svipaðri fjárhæð 2005. Eins höfum

við leitað til samstarfsaðila nú þegar með jákvæðum árangri þannig að við vonumst til að hafa u.þ.b. 150 milljónir króna í þetta átak á næstu 2 árum. Málið er þannig hugsað að sveitarfélög sem sækja um þátttöku í þessu verkefni sjá um alla undirbúningsvinnu, en KSÍ sér um gervigrasið og lagningu þess, og viðkomandi sveitarfélag fullgerir svo völlinn. Við kappkostum að fá þessa velli inn á skólalóðir og vonumst til að geta byggt að minnsta kosti 40-50 slíka velli í þessu átaki.

Ég vil sérstaklega þakka fjárlaganefnd fyrir þeirra styrk og góða úrlausn og mun þetta jafnframt vera í fyrsta sinn sem knattspyrnuhreyfingin fær beina fjármuni úthlutað frá Alþingi, sem er í sjálfu sér mikill áfangasigur, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að okkar hlutur í afgreiðslu fjármagns úr afrekssjóði er smáanarlega lítill og yfirleitt hvað hlutur knattspyrnunnar er lítill þegar úthlutað er úr sjóðum íþróttahreyfingarinnar. Ég bið ykkur ágætu þingfulltrúar að ræða þetta alvörumál innan ykkar vébanda heima í héraði og lýsa yfir áhyggjum vegna þessara mála við þá sem fara með atkvæði ykkar á komandi íþróttþingi. Við munum þar hafa forystu um breytingar ásamt fleiri sambandsaðilum sem gera það að verkum að fjármunum íþróttahreyfingarinnar sé skipt af meiri sanngirni en nú er gert.

Þegar Deildarbikarinn var settur af stað árið 1996, var hugsunin fyrst og fremst að standa skipulega að æfingaleikjum félaganna fyrir mót sumarsins. Það er skemmst frá því að segja að saga Deildarbikarsins hefur verið ótrúleg sigurganga frá upphafi og nú árið 2004 vilja nánast allir fá að vera með. Auðvitað hefur aðstaðan fyrir þetta vinsæla vetrarmót gjörbreyst til batnaðar með tilkomu knattspyrnuhúsanna. En ljóst er að Deildarbikarinn hefur verið mikið framfaraspor fyrir íslenska knatt-

spyrnu. Það er stefna stjórnar KSÍ að fjölga þátttökuliðum í Deildarbikar árið 2005 þannig að allir hafi tækifæri til að vera með sem uppfylla lágmarkskröfur. Í hvaða formi þetta verður framkvæmt verður ákveðið endanlega á komandi hausti.

Sú hefð hefur nú verið við lýði í fjölda ára að stjórn KSÍ hefur undir lok hvers árs valið knattspyrnukonu og knattspyrnumann ársins. Þetta hefur verið gert samkvæmt ósk ÍSÍ, sem veitir þessu afreksfólki viðurkenningu þegar íþróttamaður ársins er tilkynntur. Stjórn KSÍ vill nú breyta þessu fyrirkomulagi bæði hvað varðar valið sjálft og tilkynningu á því vali. Stofnuð yrði sérstök knattspyrnuakadémía með allt að 100 meðlimum sem valdir yrðu úr hópi forystumanna, fyrrverandi leikmanna og landsliðsmanna, þjálfara, fjölmiðlafólks og ef til vill fleiri aðila sem þarna ættu heima. Meðlimir akademiunnar myndu síðan velja knattspyrnumann og knattspyrnukonu ársins sem tilkynnt yrði með hátiðlegum hætti í sérstöku hófi sem KSÍ stæði fyrir. Það er vissulega kominn tími til að hefja þetta val upp á hærri stall hjá vinsælustu íþróttagreini landsins.

Markvisst hefur verið unnið að því á undanförunum árum bæði af hálfu KSÍ og félaganna í Landsbankadeildinni að auka fjölda áhorfenda á leikjum deildarinnar, auk þess sem ég er ekki í vafa um að það hefur jákvæð áhrif á aðsókn í öllum deildum. Þar hefur tekist vel til, en jafnframt er mikill vilji fyrir því að gera enn betur. Af því tilefni var farin sérstök kynnisferð til Svíþjóðar með öllum formönnum knattspyrnudeilda félaga í Landsbankadeild, en Svíar hafa náð mjög góðum árangri í fjölgun áhorfenda á undanförunum árum. Einnig var gerð könnun um aðsókn að knattspyrnuleikjum, markaðsrannsókn af Gallup í nóvember og desember að beiðni KSÍ. Margar

athyglisverðar niðurstöður komu út úr þessari könnun sem nýtast vel í áframhaldandi vinnu. Starfandi er nefnd félaganna í Landsbankadeild og KSÍ sem hefur farið yfir þessi mál nú í byrjun árs og gerir tillögur um nýjar áherslur fyrir tímabilið 2004. Þetta er í fyrsta skipti sem unnið er svona faglega að þessum málum, það er með því að gera markaðskönnun, og forvitnilegt að vita hvort það skilar sér í jákvæðum árangri.

Ég hef á undanförunum ársþingum fjallað nokkuð um stækkun Laugardalsvallar. Þau mál hafa verið mjög í brennidepli á síðasta ári og tekið mikinn tíma formanns KSÍ í hinu pólitíska umhverfi, bæði hjá Reykjavíkurborg og ríkinu. Málið hefur undanfarið verið í vinnslu í nefnd skipaðri af ríki og borg sem fjallar um þátttöku ríkisins í þessu verkefni. Hugmyndir að teikningum liggja fyrir og þar er gert ráð fyrir að áhorfendur yrðu allt að 13-14 þúsund á fullbyggðum leikvangi auk þess sem skrifstofu- og fræðsluaðstaða KSÍ yrðu í sambyggðu húsi við gömlu stúkuna þar sem jafnframt yrði mjög góð aðstaða fyrir sérstaka boðsgesti. Í þessari framkvæmd myndu nýtast þeir fjármunir sem KSÍ hefur fengið loforð fyrir frá FIFA og UEFA í uppbyggingu fræðslu- og þjónustumiðstöðvar KSÍ. Ég er nú svo bjartsýnn að segja að við munum hefjast handa við þetta verk í vor í 2-3 áföngum sem lokið yrði 2006-2007. Ég held að pólitískur vilji sé fyrir hendi að fara í þetta mál, en nokkur tregða í samskiptum ríkis og borgar hefur að undanförunu tafið málið án sýnilegrar annarrar ástæðu.

FIFA fagnar 100 ára afmæli sínu árið 2004. Það er einkennileg tilviljun að stórafmæli UEFA og FIFA skuli bera upp á sama ári. Afmæli FIFA verður veglega minnst á árinu, en það mun ekki birtast okkur á jafn áþreifanlegan

hátt og afmæli UEFA. Á þessum tímamótum er vert að gera sér grein fyrir því hversu sterk samtök FIFA eru og hversu vel og skipulega þau hafa byggt upp heildarsamtök knattspyrnu á heimsvísu, þannig að hún ber í dag ægishjalm yfir aðrar íþróttgreinar hvað vinsældir varðar, en einnig hvað varðar skipulag og fjárhag.

Eins og undanfarin ár er það mér sönn ánægja að tilkynna að fjárhagsstaða sambandsins er traust og hagnaður af rekstri KSÍ samstæðunnar, þ.e. KSÍ, Laugardalsvallar og KSÍ ehf. er rúmlega 4 milljónir.

Þrátt fyrir erfitt rekstrarár tókst að snúa dæminu í góðan hagnað með góðum árangri í ávöxtun á fjármunum sambandsins. Sérstaklega er ánægjulegt að geta enn eitt árið greitt arð beint til félaganna að verðmæti u.þ.b. 10 milljónir króna, sem útteilist eins og áður eftir þátttöku félaga í yngri flokkum karla og kvenna í Íslandsmótinu. Ákvörðun um þessa greiðslu var tekin á stjórnarfundum eftir miðjan janúar þegar endurskoðun var vel á veg komin og ljóst að hagnaður væri það mikill að hægt væri að greiða beinan arð til félaganna á sama hátt og undanfarið. Þannig að með réttu má segja að hagnaðurinn sé rúmar 14 milljónir og af þeim eru greiddar 10 milljónir í beinan arð til okkar eignaraðila, sem eru aðildarfélögin.

Helstu tölur í rekstri sambandsins eru hagnaður upp á rúmar 4 milljónir, eigið fé upp á rúmar 135 milljónir og fjármagnstekjur rúmar 48 milljónir.

Þá er rekstur Laugardalsvallar í jafnvægi þetta árið og eins og undanfarið skipti þar mestu máli hagstætt erlent lán með ótrúlega lágum vöxtum. Það er tímanna tákn í þessum rekstri, og verður væntanlega áfram, að tekjur af fjármagnsrekstri skipti verulegu

máli fyrir afkomu hvers árs. Með tilkomu nýja sjónvarpssamningsins og fyrirframgreiðslu vegna hans á næstu árum mun skipta miklu máli hvernig haldið er utan um þá fjármuni og hvernig þeir eru ávaxtaðir.

Það er í dag mikill styrkur fyrir KSÍ að gjaldkeri sambandsins fylgist með fjárreiðum KSÍ frá degi til dags og er sívakandi fyrir því sem betur má fara. Ef svo væri ekki er ljóst að okkur hefði ekki gengið jafnvel að ávaxta fjármuni okkar undanfarin ár. Ég færi gjaldkera sérstakar þakkir fyrir hans vönduðu og góðu störf varðandi fjármál KSÍ.

Ársþing eru vettvangur skoðana-skipta um liðið starfsár og mótun á stefnu framtíðar. Á þeim er lögð fram fjárhagsáætlun þar sem fram koma helstu áhersluatriði í starfi næsta árs. Á þessum vettvangi á KSÍ forystan að fá skýr skilaboð frá hreyfingunni, hvar vel hefur tekist til og hvað betur má fara. Þetta er að sjálfsögðu rétti vettvangurinn. Gleymum því ekki að félögin eru sambandið og að sambandið er félögin, svo einfalt er þetta mál. Hvorugt getur eða vill án hins vera. Okkar hagsmunir fara alltaf saman að lokum.

Ég þakka stjórnarmönnum í KSÍ mikil og góð störf á liðnu ári. Það kemur nýjum mönnum í KSÍ oft á óvart hversu geysimikið starf er unnið í hinum ýmsum nefndum KSÍ, en eins og þið vitið leiða stjórnarmenn KSÍ störf nefndanna. Nefndarmönnum öllum þakka ég góð störf.

Ég er mjög stoltur af því sem formaður KSÍ hversu öflugri og vel rekinni skrifstofu KSÍ hefur á að skipa. Við höfum einvala starfslið undir stjórn mjög hæfs framkvæmdastjóra sem leiðir starfið af fumláusu öryggi og yfirvegun. Ég leyfi mér að fullyrða það hér eftir heimsóknir víðsvegar um Evrópu í mínu starfi í framkvæmdastjórn

UEFA að okkar skrifstofa er í hópi 10 best reknu skrifstofa knattspyrnusambanda í Evrópu, og ef til vill í hópi 5 bestu ef menn vilja enn þrengja hópinn. En auðvitað má alltaf gera betur og á það er alltaf stefnt hjá KSÍ.

Síðast en ekki síst þakka ég forystumönnum íslenskrar knattspyrnu þeirra heilladrjúgu og góðu störf í þágu hreyfingarinnar á liðnu starfsári. Án þeirra miklu starfa og ósérhlífni væri knattspyrnan á Íslandi ekki í því ótvíræða forystuhlutverki sem hún er í íslensku íþróttalífi.

Eggert Magnússon,
formaður KSÍ

VIÐAMIKIÐ STARF

Starf KSÍ á árinu var viðamikíð eins og undanfarin ár og vex umfang verkefnanna stöðugt. Aðstaða til knattspyrnuíðkunar fer ört batnandi, en það sama verður ekki sagt um aðstöðu áhorfenda. Þetta stendur þó til bóta þar sem gerðar eru kröfur um verulegar úrbætur á þessu sviði með tilkomu Leyfiskerfis KSÍ og áætlað er að öll félög í Landsbankadeild karla verði komin með yfirbyggða stúku innan þriggja ára. Þetta er eitt dæmið af mörgum um nýtt verkefni á vegum KSÍ sem er umfangsmikið.

Ársskýrsla KSÍ fyrir starfsárið 2003 er gefin út með sama sniði og undanfarin tvö ár. Í þessari skýrslu er stiklað á stóru um mótin 2003, dómaramál, landsliðsmál, Evrópu-leiki félagsliða, mannvirkjamál, fræðslumál, fjármál og margt fleira. Aftast í skýrslunni er svo að finna ársreikning sambandsins.

Sem fyrr fylgir þessari skýrslu ítarleg fylgiskýrsla sem inniheldur skýrslur nefnda sambandsins, kærur, o.fl. Úrslit leikja í mótum á vegum KSÍ er ekki að finna í fylgiskýrslunni, heldur hefur verið gert samkomulag við bókaútgáfuna Tind um að birta úrslit allra leikja í öllum mótum í bókinni *“Íslensk knattspyrna”* eftir Víði Sigurðsson. KSÍ hefur sent aðildarfélögum sínum eintak af bókinni.

STJÓRN OG STARFSFÓLK

57. ársþing KSÍ var haldið á Hótel Loftleiðum 8. febrúar 2003. Þetta þing var sögulegt að því leytinu að þetta var í fyrsta skipti sem ársþing KSÍ fer fram á einum degi. Um mikla hagræðingu er að ræða, auk þess sem þessi breyting mun gera störf þingsins markvissari og sparar bæði tíma og fjármuni.

Stjórn KSÍ var þannig skipuð að loknu ársþingi:

Eggert Magnússon, formaður
Halldór B. Jónsson, varaformaður
Eggert Steingrímsson, gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson, ritari
Ágúst Ingi Jónsson
Ástráður Gunnarsson
Björn Friðþjófsson
Ingibjörg Hinriksdóttir
Lúðvík S. Georgsson

Varamenn voru Jóhannes Ólafsson, Kjartan Danielsson og Þórarinn Gunnarsson. Fulltrúar landshluta í stjórn voru Jakob Skúlason (Vesturland), Ómar Bragi Stefánsson (Norðurland), Guðmundur Ingvason (Austurland) og Einar Friðþjófsson (Suðurland).

Stjórn KSÍ hélt 16 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga) auk þess sem nefndir sambandsins hittust reglulega og sér í lagi í tengslum við fjölmörg verkefni sem þær fást við. Meginþungi starfsins var í höndum starfsmanna KSÍ, sem héldu utan um daglegan rekstur móta og landsliða auk þess sem þjónusta við aðildarfélögin var aukin enn frekar.

Starfsmenn skrifstofu KSÍ voru:

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastj.
Birkir Sveinsson, mótastjóri
Eyjólfur Sverrisson, útbreiðslumál
Gunnar Gylfason, landsliðsmál
Halldór Örn Þorsteinsson, mótamál
Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri
Margrét Elíasdóttir, ritari
Ómar Smáráson, leyfisstjóri
Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
Ragnheiður Elíasdóttir, ritari
Sigurður R. Eyjólfsson, fræðslustj.

Þá var Jóhann Kristinsson vallarstjóri Laugardalsvallar.

AUKINN ÁHUGI KALLAR Á AUKNA ÞJÓNUSTU

Knattspyrna hefur undanfarin ár notið mikils meðbyrs um allan

heim og áhugi á henni meðal almennings, ungra sem aldinna, iðkenda jafnt sem almenns áhuga-fólks hefur vaxið stöðugt. Þessi þróun á líka við á Íslandi og því hefur KSÍ sífellt orðið að auka og bæta þjónustu sína. Kröfur um hvers konar upplýsingar aukast sífellt með auknum áhuga og þar gegnir heimasíða KSÍ veigamiklu hlutverki.

MEÐBYRINN ÞARF AÐ NÝTA

Það er áskorun fyrir KSÍ að nýta sér þann mikla meðbyr sem knattspyrnan hefur. Æska landsins vill fá tækifæri til að leika knattspyrnu, ekki bara á skipulögðum æfingum félaganna, heldur einnig í frístundum sínum. Þar sem opnir grasblettir eru víðast hvar orðnir af skornum skammti verður nauðsynlegt að byggja sérstaka sparkvelli með gervigrasi vítt og breitt um landið. Þannig verður æskunni best skapaður vettvangur til að leika sér í knattspyrnu. Á árinu hófst einmitt sparkvallaátak KSÍ sem miðar að því að byggja velli um allt land á næstu tveimur árum. Eyjólfur Sverrisson, fyrrum landsliðsfyrirliði, hefur verið ráðinn til að stýra þessu verkefni.

SKEMMTILEG MÓT

Keppni í Landsbankadeild karla síðastliðið sumar var spennandi og knattspyrnan sem var leikin var skemmtileg. Deildin var gríðarlega jöfn, jafnt á toppi sem á botni, og nokkrar sveiflur voru á gengi liða. Til marks um hversu jöfn deildin var má nefna að stigaskor Íslandsmeistaranna var það lægsta frá því að þriggja stiga reglan var tekin upp.

Athyglisvert var í Landsbankadeild kvenna að fleiri lið blönduðu sér í baráttuna um efstu sætin og gaf það til kynna aukna breidd í íslenskri

kvennaknattspyrnu, auk þess sem innkoma sterkra erlendra leikmanna setti skemmtilegan svip á sum liðin.

Aðsókn að leikjum Landsbanka-deildar karla 2003 var sú næst besta frá upphafi og greinilegt er að áhugi landsmanna á knattspyrnu fer stöðugt vaxandi. En við megum ekki sofna á verðinum, því að þessum áhuga þarf að halda við með markvissu markaðsstarfi félaganna og KSÍ, í samstarfi við fjölmiðla og samstarfsaðila.

Skipulag móta var að mestu óbreytt frá fyrra ári og framkvæmd móta tókst í meginatriðum vel, auk þess sem dómarnir áttu gott sumar.

ALDREI VERIÐ JAFN NÆRRI SÆTI Á STÓRMÓTI

Frammistaða A landsliðs karla á árinu vakti mikla athygli. Aldrei áður hefur liðið verið jafn nærri því að tryggja sér sæti á stórmóti og um skeið var Ísland í efsta sæti síns riðils, fyrir ofan HM-silfurlið Þjóðverja. Ísland missti naumlega af sæti í umspili, en hafnaði í 3. sæti riðilsins sem er besti árangur liðsins í undankeppni EM eða HM frá upphafi. Frammistaðan sýndi svo um munar að með dugnaði og baráttu getur íslenska landsliðið náð langt. Sæti í lokakeppni stórmóts þarf ekki að vera svo fjarlægur draumur.

A landslið kvenna lék fimm leiki í undankeppni EM á árinu og trónir á toppi síns riðils. Meðal afreka liðsins á árinu var ótrúlegur 10-0 sigur á Pólverjum á Laugardalsvellingum, met sem verður örugglega seint slegið. Möguleikarnir á sæti í lokakeppni EM hafa sennilega aldrei verið meiri en nú og breiddin í liðinu gefur svo sannarlega til kynna að framtíð íslenskrar kvennaknattspyrnu er afar björt.

GÓÐ AFKOMA

Heildartekjur KSÍ samstæðunnar 2003 voru 342,9 milljónir kr. og heildargjöld voru 338,9 milljónir kr. Hagnaður varð því 4 milljónir kr., en þá hefur verið tekið tillit til 19,2 milljón kr. framlags til aðildarfélaga. Stuðningur UEFA og FIFA var mikill og nam 74,8 milljónum króna. Rekstur KSÍ samstæðunnar stendur á traustum fótum og hefur eigið fé hennar vaxið sl. ár og var í árslok 2003 rúmlega 135 milljónir króna.



MÓTIN 2003

ÍSLANDSMÓT INNANHÚSS

Íslandsmót meistaraflokka karla og kvenna í innanhússknattspyrnu fóru fram í lok nóvember. Völsungar sigruðu Valsmenn í framlengdum úrslitaleik í karlaflokki og tryggðu sér þar með Íslandsmeistaratitilinn innanhúss í fyrsta skipti. Í kvennaflokki vann Valur öruggan sigur á ÍBV í úrslitaleiknum. Þetta var 6. Íslandsmeistaratitill Vals í innanhússknattspyrnu mfl. kvenna.

DEILDARBIKARINN

Deildarbikar karla var skipt í efri og neðri deild eins og fyrr. Í efri deild léku 16 lið í tveimur riðlum eins og áður, en fjölgað var í neðri deild og léku nú 24 lið í fjórum riðlum. Leikið var að mestu í knattspyrnuhúsum (Boginn, Egilshöll, Fífan og Reykjaneshöll) og var nú leikið í fyrsta skipti á Akureyri um miðjan vetur. Boginn á Akureyri gjörbreytti aðstöðu til knattspyrnuíðkunar á Norðurlandi og sýnir það vel hversu miklu eitt knattspyrnuhús getur breytt fyrir heilan landshluta.

Skagamenn tryggðu sér sigur í efri deild Deildarbikars karla, í 3. sinn í 8 ára sögu keppinnar, með því að leggja Keflvíkinga í vítaspyrnukeppni í úrslitaviðureigninni. Athyglisvert er að fjórum sinnum hefur þurft vítaspyrnukeppni til að skera úr um úrslit í keppninni.

Njarðvík hafði betur gegn Breiðabliki í úrslitaleik neðri deildar, sigruðu með tveimur mörkum gegn einu, og var þetta fyrsti titill Njarðvíkinga í 22 ár.

Í Deildarbikar kvenna var nú skipt í tvær deildir eftir styrkleika, líkt og gert er í karlaflokki, og reyndist það vel. Sex lið léku í einum riðli í efri deild og sami háttur var hafður á í neðri deild.

Valur tryggði sér Deildarbikar-meistaratitilinn í fyrsta sinn með 4-1 sigri á Breiðabliki í úrslitaleik efri deildar. Valur hafði leikið 5 sinnum til úrslita í Deildarbikar kvenna á þeim átta árum sem keppnin hefur farið fram og aldrei unnið. Sameiginlegt lið Þróttar/Hauka sigraði í neðri deild.

HÉRAÐSMÓT

Framarar urðu Reykjavíkurmestatarar í karlaflokki eftir sigur á Fylki í úrslitaleik í Egilshöll að viðstöddum fjölmörgum áhorfendum. Staðan eftir venjulegan leiktíma og framlengingu var 1-1 og því þurfti að grípa til vítaspyrnukeppni, þar sem Fram hafði betur.

Þórsarar lögðu KA með einu marki gegn engu í lokaleik Norðurlandsmóts Powerade, sem fram fór í Boganum á Akureyri og tryggðu sér þar með Norðurlandsmeistaratitilinn. KA hefði dugað jafntefli til að sigra í mótinu.

MEISTARAKEPPNI KSÍ

Meistarakeppni KSÍ, viðureign Íslandsmeistara og bikarmeistara, var endurvakin á síðasta ári og fór hún því fram í fyrsta skipti síðan 1998. Ákvörðun um að endurvekja keppnina var tekin í ljósi þeirrar stórbættu aðstöðu sem felst í knattspyrnuhúsunum sem risið hafa á undanförunum misserum.

Í Meistarakeppni karla sigruðu Íslandsmeistarar KR bikarmeistara Fylkis 2-1, en leikurinn fór fram í Egilshöll í Reykjavík. Meistarakeppni kvenna fór einnig fram í Egilshöll, en þar áttust við Íslandsmeistarar og bikarmeistarar KR annars vegar, og Breiðablik hins vegar. Breiðablik, sem hafði hafnað í 2. sæti efstu deildar kvenna 2002, sigraði 2-1 í opnum og fjörugum leik.

NÝ HEITI Á MÓTUM SUMARSINS

Um vorið var gengið til samninga við nýja samstarfsaðila um efstu deildir og bikarkeppni karla og kvenna. Gerður var samningur við Landsbankann um efstu deildir karla og kvenna, sem bera nú heitið Landsbankadeild karla og Landsbankadeild kvenna, og er samningurinn til þriggja ára. Samið var við VISA Ísland um samstarf vegna bikarkeppni KSÍ og mun keppnin nú heita VISA-bikar karla og VISA-bikar kvenna næstu þrjú árin.

ÍSLANDSMEISTURUM KR SPÁÐ TOPPSÆTINU

Á hinum árlega kynningarfundum Landsbankadeildar karla spáðu fulltrúar félaganna um lokastöðu liðanna í deildinni. Íslandsmeisturum KR var spáð sigri annað árið í röð, en samkvæmt spánni áttu Grindavík og Fylkir ekki að vera langt undan. FH-ingum og Vals-

mönnum var spáð falli, en þó voru menn sammála um að fallbaráttan ætti eftir að verða afar jöfn. Hefði spáin gengið eftir hefði röð liða verið þannig að móti loknu:

Félag	Stig
1. KR	277
2. Grindavík	250
3. Fylkir	246
4. ÍA	218
5. Fram	160
6. Þróttur R.	113
7. ÍBV	102
8. KA	97
9. FH	95
10. Valur	92

KR-INGAR MEISTARAR ANNAD ÁRIÐ Í RÖÐ

Það hefur skapast hefð fyrir því að keppni í efstu deild karla hefur verið spennandi alveg fram í lokaumferðirnar, jafnt á toppi sem á botni, og svo var einnig í ár. KR-ingar tryggðu sér sigur í Landsbankadeildinni og þar með Íslandsmeistaratitilinn þegar tvær umferðir voru eftir, en næstu lið voru þó aldrei langt undan. Fyrir síðustu umferðina var sú staða komin upp í neðri hluta deildarinnar að fimm lið voru í fallhættu, en að lokum varð það hlutskipti liðanna sem komu upp úr 1. deild að falla aftur niður. Framan af móti var ómögulegt að segja til um það hvaða lið myndu skera sig úr í baráttunni á toppnum.

Þróttarar komu skemmtilega á óvart og voru efstir eftir 9 umferðir, en tap í 10. umferð gegn KR virtist slá þá af beinu brautinni og þeir fengu ekki nema fjögur stig í seinni 9 umferðum mótsins.

Það var ekki fyrr en á síðasta þriðjungi mótsins sem útlit var fyrir að KR og Fylkir myndu rífa sig nokkuð frá öðrum liðum, eins og spáð hafði verið fyrir mót. En einmitt þegar útlit var fyrir að þetta myndi gerast misstu Fylkismenn

flugið á meðan KR-ingar héldu sínu striki, fyrir utan feilspor í tveimur síðustu umferðunum, gegn ÍBV og FH, en þá höfðu þeir þegar tryggt sér titilinn.

FH-ingar og Skagamenn fóru á mikið flug í seinni hluta mótsins og höluðu inn stigum af miklum móð. Þessi sprettur hleypti miklu lífi í baráttuna um Evrópusæti og þegar upp var staðið höfðu bæði þessi lið komist upp fyrir Fylkismenn í töflunni.

Baráttan við fallið var merkileg að mörgu leyti. Meðal annars vegna þess hversu mörg lið voru í fallhættu allt fram í síðustu umferð, eða fimm. Þróttarar höfðu dregist niður í baráttuna, en að auki voru Valur, KA Fram og Grindavík í slagnum. Þegar upp var staðið voru það nýliðarnir, Þróttur og Valur, sem þurftu að sætta sig við það erfiða hlutskipti að falla aftur niður í 1. deild, eftir eins árs veru í Landsbankadeild.

Landsbankadeild karla – Lokastaða

Félag	Mörk	Stig
1 KR	28:27	33
2 FH	36:24	30
3 ÍA	27:21	30
4 Fylkir	29:24	29
5 ÍBV	25:25	24
6 Grindavík	24:31	23
7 Fram	22:30	23
8 KA	29:27	22
9 Þróttur R.	27:29	22
10 Valur	24:33	20

TÖPUÐU ÞREMUR SÍÐUSTU LEIKJUNUM

Íslandmeistarar KR í Landsbankadeild karla voru að flestra ef ekki allra mati vel að titlinum komnir. Liðið var með mikla breidd, kannski meiri breidd en sést hefur hjá íslensku liði í mörg ár. Það vakti því mikla athygli að KR skyldi tapa þremur síðustu leikjum sínum á keppnistímabilinu, eða öllum leikjum frá því að Íslands-

meistaratitillinn var í höfn, gegn FH-ingum í undanúrslitum VISA-bikarsins, gegn ÍBV á heimavelli í deildinni og í lokaleik deildarinnar gegn FH í Kaplakrikanum. FH-ingar gjörsigruðu hina nýbökuðu Íslandsmeistara með hreint ótrúlegum mun, 7-0.

NÆST BESTA AÐSÓKN AÐ LEIKJUM FRÁ UPPHAFI

1.025 áhorfendur mættu að meðaltali á leiki Landsbankadeildar karla 2003, sem er næst besta aðsókn að leikjum deildarinnar frá upphafi, en metið var sett árið 2001 þegar 1.076 fóru að meðaltali á völlinn. Áhorfendur í ár voru því alls 92.250. Að venju voru áhorfendur flestir á KR-velli (2.038 að meðaltali), en fæstir voru að þessu sinni að jafnaði á Hásteinsvelli (420). Sá leikur sem dró flesta að var viðureign KR og Fylkis í Frostaskjólí í 15. umferð, eða 3.672 manns. Fæstir mættu á leik ÍBV og Grindavíkur á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum í 13. umferð, eða 186. Töflu með nánari útlístu á áhorfendafjölda í deildinni má sjá í fylgiskýrslu.

ÁTAK TIL AÐ FJÖLGA ÁHORFENDUM

Í lok október stóð KSÍ fyrir ferð formanna félaga í Landsbankadeild karla til Svíþjóðar. Markmiðið var að kynna sér hvernig sænska knattspyrnusambandið og félögin í efstu deild í Svíþjóð hefðu staðið að átaki til að auka aðsókn að leikjum. Það hefur vakið athygli hversu vel þeim hefur orðið ágengt á undanförunum árum. Í kjölfarið var skipaður vinnuhópur til að vinna að þessum málum fyrir keppnistímabilið 2004 og IMG Gallup var fengið til að gera markaðsrannsókn til að fá upplýsingar um áhorfendur og hvaða þættir það væru sem skiptu máli varðandi aðsókn að

knattspyrnuleikjum. Niðurstöður rannsóknarinnar voru athyglisverðar og munu nýtast vel í áframhaldandi vinnu.

NÍUNDI BIKARMEISTARATITILL SKAGAMANNA

Báðir undanúrslitaleikir VISA-bikars karla fóru fram á Laugarðalsvelli annað árið í röð. FH lagði KR með þremur mörkum gegn tveimur, eftir að hinir nýbökuðu Íslandsmeistarar KR höfðu komist tveimur mörkum yfir snemma leiks. Skagamenn lögðu KA 4-1 í hinum undanúrslitaleiknum eftir að hafa nánast klárað leikinn með þremur mörkum á fyrstu 10 mínútum síðari hálfleiks.

Tölfræðin var svo sannarlega með ÍA fyrir úrslitaleikinn gegn FH. Skagamenn höfðu alls leikið 17 sinnum til úrslita í bikarnum og sigrað 8 af síðustu 9 úrslitaleikjum, en FH-ingar höfðu aðeins einu sinni leikið til úrslita og tapað. Þarna áttust við þau tvö lið sem höfðu verið á hvað mestri siglingu seinnipart sumars og því var von á hörkuleik. Leikurinn var fjörugur og skemmtu tæplega 5.000 áhorfendur sér konunglega. Eina mark leiksins gerði Garðar B. Gunnlaugsson á 78. mínútu og þrátt fyrir þunga sókn Hafnfirðinga í lokin tókst þeim ekki að jafna metin, og því var 9. bikarúrslitasigur ÍA í síðustu 10 tilraunum staðreynd.

VAL SPÁÐ TITLINUM

Á hinum árlega kynningarfundum Landsbankadeildar kvenna spáðu fulltrúar félaganna um lokastöðu liðanna í deildinni. Valsstúlkum var spáð efsta sætinu, KR öðru sætinu og Breiðabliki því þriðja. Hefði spáin gengið eftir hefði röð liða verið þannig að móti loknu:

Félag	Stig
1. Valur	176
2. KR	160
3. Breiðablik	151
4. ÍBV	129
5. Þór/KA/KS	86
6. Stjarnan	83
7. Þróttur/Haukar	42
8. FH	37

FLEIRI LIÐ Í BARÁTTUNNI

Á síðustu 15 árum hefur það aðeins einu sinni gerst að annað lið en KR eða Breiðablik hafi hampað Íslandsmeistaratitlinum í meistara-flokki kvenna, en Valur varð meistari árið 1989.

Það varð snemma ljóst hvaða lið myndu hafna í efri og neðri hluta Landsbankadeildar kvenna. Það sem kom þó skemmtilega á óvart var að nú voru fleiri lið en oft áður sem gerðu atlögu að efstu sætunum. Í rauninni var hægt að skipta deildinni í tvennt í samræmi við spá fulltrúa félaganna fyrir mótið. Í efri hlutanum voru Breiðablik, ÍBV, KR og Valur, en í þeim neðri FH, Stjarnan, Þór/KA/KS og sameiginlegt lið Þróttar/Hauka. Þrátt fyrir að fleiri lið hafi tekið þátt í toppbaráttunni en mörg undanfarin ár er óhætt að segja að KR-stúlkur hafi verið vel að titlinum komnar. Þær tóku forystuna mjög snemma og héldu toppsætinu allt mótið, þrátt fyrir að hin liðin væru aldrei langt undan. Vesturbærliðið tapaði ekki einum einasta leik í deildinni og gerði aðeins þrjú jafntefli, 2 við Val og 1 við ÍBV.

Landsbankadeild kv. - Lokastaða

Félag	Mörk	Stig
1 KR	61 : 15	36
2 ÍBV	62 : 14	32
3 Valur	47 : 20	29
4 Breiðablik	42 : 29	28
5 Stjarnan	20 : 32	12
6 FH	13 : 51	12
7 Þór/KA/KS	10 : 42	9
8 Þróttur/Haukar	10 : 62	4

NÍUNDI BIKARMEISTARA-TITILL VALS

Valur lagði ÍBV 3-1 í úrslitaleik VISA-bikars kvenna. Eyjastúlkur, sem voru að taka þátt í sínum fyrsta bikarúrslitaleik, komust yfir eftir aðeins nokkrar mínútur, en Valsstúlkur svöruðu fyrir sig með þremur mörkum fyrir hlé. Ekkert mark var skorað í síðari hálfleik, þrátt fyrir ágætar tilraunir af hálfu beggja liða, og því var 9. bikarsigur Vals í meistaraflokki kvenna staðreynd. Valur hefur nú sigrað í bikarkeppni meistaraflokks kvenna oftast en nokkurt annað lið.

BEINAR ÚTSENDINGAR

Sjónvarpsstöðin Sýn sýndi beint frá 18 leikjum Landsbankadeildar karla 2003, sem eru færri útsendingar alls en undanfarin ár þar sem hvorki RÚV né Stöð 2 sýndu frá deildinni. Árið 2002 var sýnt beint frá 19 leikjum, 2001 var sýnt beint frá 23 leikjum og 2000 var sýnt beint frá 21 leik.

Úrslitaleikir VISA-bikars karla og kvenna voru sýndir beint á RÚV, en Ríkissjónvarpið sýndi undanúrslitaleiki karla einnig beint. Alls var því sýnt beint frá 4 leikjum í VISA-bikar karla og kvenna líkt og árið á undan, samanborið við 6 leiki 2001 og 7 leiki 2000. Að auki sýndi RÚV beint frá leik KR og Stjórnunnar í 13. umferð Landsbankadeildar kvenna.

Samanlagt voru því 23 deildar- og bikarleikir sýndir beint í sjónvarpi á árinu, eins og árið á undan.

RÚMAR 18 MILLJÓNIR KRÓNA Í VERÐLAUNAFÉ

Í lok keppnistímabilsins fengu félög greiddar 18,5 milljónir króna í verðlaunafé fyrir árangur í Landsbankadeild og VISA-bikar.

Auk þess fengu félögin í Landsbankadeild karla sérstakar greiðslur fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi.

Landsbankadeild karla

Sæti Félag	Verðlaunafé
1 KR	1.500.000
2 FH	1.200.000
3 ÍA	1.000.000
4 Fylkir	800.000
5 ÍBV	800.000
6 Grindavík	600.000
7 Fram	600.000
8 KA	600.000
9 Þróttur R.	500.000
10 Valur	500.000

Landsbankadeild kvenna

Sæti Félag	Verðlaunafé
1 KR	300.000
2 ÍBV	200.000
3 Valur	150.000
4 Breiðablik	110.000
5 Stjarnan	110.000
6 FH	110.000
7 Þór/KA/KS	110.000
8 Þróttur/Haukar	110.000

VISA-bikar karla

Sæti Félag	Verðlaunafé
1 ÍA	1.500.000
2 FH	1.000.000
3-4 KA	800.000
3-4 KR	800.000
5-8 Fram	500.000
5-8 Grindavík	500.000
5-8 Valur	500.000
5-8 Víkingur R.	500.000
9-16 Afturelding	300.000
9-16 Fylkir	300.000
9-16 Haukar	300.000
9-16 ÍA U23	300.000
9-16 ÍBV	300.000
9-16 Keflavík	300.000
9-16 Þór	300.000
9-16 Þróttur R.	300.000

VISA-bikar kvenna

Sæti Félag	Verðlaunafé
1 Valur	300.000
2 ÍBV	150.000
3-4 Breiðablik	100.000
3-4 Stjarnan	100.000

KOSNINGAR FJÖLMIÐLA

Landsbankinn og KSÍ stóðu fyrir kosningu fjölmiðla á leikmönnum, þjálfurum, dómurum og liðum ákveðinna tímabila í Landsbankadeildum karla og kvenna 2003, líkt og gert hafði verið árið áður. Í Landsbankadeild karla var kosningunum skipt upp í þrjú tímabil, umferðir 1-6, 7-12 og 13-18, en í Landsbankadeild kvenna voru tímabilin tvö, umferðir 1-7 og 8-14. Landsbankinn veitti síðan þeim aðilum sem voru tilnefndir veglegar viðurkenningar. Þessar upptökur vöktu nokkra athygli og var vel um þær fjallað í fjölmiðlum, einkum í sjónvarpi.

BESTU OG EFNILEGUSTU LEIKMENN

Bestu og efnilegustu leikmenn Landsbankadeilda karla og kvenna eru valdir í kosningu meðal leikmanna deildanna.

Danski framherjinn hjá FH, Allan Borgvardt, var kjörinn leikmaður ársins í Landsbankadeild karla 2003, en úrslit voru kunngerð á lokahófi KSÍ. Efnilegasti leikmaður Landsbankadeildar karla var kosinn leikmaður Fylkis, Ólafur Ingi Skúlason. Þeir félagar voru lykilmenn í liðum sínum á síðasta keppnistímabili, Allan sem kraftmikill og skæður framherji í skemmtilegu liði FH og Ólafur Ingi sem máttarstólpi á miðju Fylkis-manna. Ólafur lék með Fylki sem lánsmaður frá enska stórliðinu Arsenal.

Ásthildur Helgadóttir, fyrirliði KR og íslenska landsliðsins, var kosin besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna annað árið í röð og Margrét Lára Viðarsdóttir úr ÍBV sú efnilegasta. Ásthildur fór fyrir liði KR, sem hampaði Íslandsmeistaratitlinum annað árið í röð. Margrét Lára fór á kostum í framlínu Eyja-

liðsins og náði þeim áfanga á árinu að leika sína fyrstu leiki og jafnframt að skora sín fyrstu mörk fyrir A-landsliðið.

ÞJÁLFAVARAR ÁRSINS

Fjölmíðlar kusu Ólaf Jóhannesson þjálfara ársins í Landsbankadeild karla og Vöndu Sigurgeirsdóttur þjálfara ársins í Landsbankadeild kvenna. Samkvæmt spá fulltrúa félaganna í Landsbankadeild karla fyrir tímabilið var ekki búist við miklu af liði FH, en Ólafur náði því besta út úr sínum leikmönnum og lið hans hafnaði í 2. sæti bæði í deild og bikar. Undir stjórn Vöndu Sigurgeirsdóttur hampaði kvennalið KR Íslandsmeistaratitli annað árið í röð.

ÞRÍR MEÐ 10 MÖRK

Þrír leikmenn voru markahæstir í Landsbankadeild karla með 10 mörk, en Þróttarinn Björgólfur Takefusa hafði leikið minnst þessara þriggja og hlaut því markakóngstítillinn. Hrefna Huld Jóhannesdóttir úr KR skoraði mest í Landsbankadeild kvenna og varð því markadrottning deildarinnar. Fengu þau að launum afhenta gullskó Adidas á lokahófi knattspyrnumanna á Broadway.

Þróttararnir Björgólfur Takefusa og Sören Hermansen og Gunnar Heiðar Þorvaldsson úr ÍBV skoruðu allir 10 mörk í Landsbankadeild karla og því þurfti að rýna í tölfræði til að skera úr um hver þeirra hlyti gull-, silfur- og bronskó. Björgólfur tók einungis þátt í 17 leikjum á meðan Sören og Gunnar Heiðar tóku þátt í öllum leikjum sinna liða og því hlaut hann gullskóinn. Sören lék síðan færri mínútur alls en Gunnar Heiðar og því kom silfurskóinn í hans hlut.

Hrefna Huld Jóhannesdóttir gerði 21 mark fyrir Íslandsmeistara KR í Landsbankadeild kvenna og hlaut því gullskóinn, en fast á hæla hennar fylgdu Eyjastúlkurnar Margrét Lára Viðarsdóttir sem hlaut silfurskóinn með 19 mörk og Olga Færseth sem hlaut bronskóinn með 18 mörk.

Það er athyglisvert að skoða markaskorun hjá tveimur efstu liðum Landsbankadeildar kvenna. Leikmaður ársins, Ásthildur Helgadóttir, og Hrefna Huld markadrottning skoruðu samtals 37 af 61 marki Íslandsmeistara KR og þær Margrét Lára og Olga skoruðu sömuleiðis 37 af 62 mörkum ÍBV.

KRISTINN VALINN BESTI DÓMARINN Í 7. SINN

Kristinn Jakobsson var kjörinn besti dómari í Landsbankadeild karla í kjöri leikmanna. Er þetta í sjöunda sinn sem Kristinn hlýtur þessa útnefningu, en viðurkenningin var nú afhent í 11. sinn.

PRÚÐMENNSKUVERÐLAUN MASTERCARD

Prúðmennskuverðlaun KSÍ og Mastercard voru veitt þeim leikmönnum og félagsliðum sem þóttu hvað prúðust á undangengnu tímabili. Í Landsbankadeild karla byggjast prúðmennskuverðlaun til liða á einkunnagjöf eftirlitsmanna á leikjunum, en í Landsbankadeild kvenna er stuðst við fjölda spjalda á lið. Háttvísinefnd valdi Hjalt Jóhannesson, ÍBV, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild karla og Írisi Sæmundsdóttur, ÍBV, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild kvenna. Hjalti og Íris eru bæði þekkt fyrir prúðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan. Þróttur R. og Breiðablik voru með prúðustu liðin, Þróttur í Landsbankadeild karla og Breiðablik í

Landsbankadeild kvenna. Breiðablik hlaut þar með þessa viðurkenningu í kvennaflokki í fimmta sinn á síðustu 7 árum. Sérstakt yfirlit yfir gul og rauð spjöld má sjá í fylgiskýrslu.

FJÖLGUN LEIKJA Í MÓTUM

Á síðast-liðnum 10 árum hefur leikjum fjölgað um 1.352, þ.e. úr 3.086 leikjum árið 1994 í 4.438 leiki árið 2003. Það er um 44% aukning á þessu 10 ára tímabili.

Heildarfjöldi leikja 2003 var 97 leikjum færri en árið 2002, sem rekja má annars vegar til þess að Polla- og Hnátumótin voru leikin í einni umferð í stað tveggja áður og hins vegar að á árinu 2002 var keppt tvisvar í meistaraflokkum Íslandsmótanna innanhúss. Umtalsverð fjölgun leikja varð aftur á móti í Íslandsmótinu utanhúss.

KRR-MÓT OG FAXAFLÓAMÓT

Frá árinu 1998 hefur KSÍ annast skipulagningu á mótum KRR í Reykjavík, og frá 2002 hefur KSÍ einnig skipulagt hið svokallaða Faxaflóamót. Sérstakur starfsmaður sér um þess mót, enda umfang þeirra aukist gríðarlega. Fjöldi leikja í KRR mótum 2003 var 2.104, en 1.131 í Faxaflóamótunum. Til samanburðar má nefna að leikir í KRR-mótum 2002 voru 1.753 og í Faxaflóamótum 2002 voru þeir 711.

STÖÐUG AUKNING Í OPNUM MÓTUM FÉLAGA

Auk móta KSÍ og annarra héraðsmóta fara fram mörg önnur mót á hverju sumri. Á síðasta ári voru 30 opin mót víðs vegar um landið tilkynnt til KSÍ, sem er aukning frá fyrri árum og hefur fjöldi opinna

móta vaxið stöðugt ár frá ári. Um er að ræða svokölluð hraðmót, sem oftast eru leikin á einni helgi og mismunandi er hvaða flokkar það eru sem taka þátt, allt frá 7. flokki karla og 6. flokki kvenna upp í eldri flokk karla. Þessum mótum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár og vonandi mun sú þróun halda áfram.

AUKALIÐ Í 1. DEILD KVENNA

Mótanefnd KSÍ ákvað fyrir síðasta keppnistímabil að heimila Breiðabliki og Þrótti/Haukum að senda aukalið til keppni í 1. deild kvenna. Úrslit í leikjum aukaliðanna voru talin með í stöðutöflu, en liðin gátu ekki tekið sæti í úrslitakeppni. Litið var á þetta sem tímabundna tilraun til eins árs. Tilraunin var umdeild og ljóst að reglur um hlutgengi leikmanna í liðum sama félags voru of opnar.

KR SIGRÁÐI Í ATLANTIC BIKARNUM

KR-ingar sigruðu HB frá Þórshöfn í Færeyjum 2-0 í svonefndum Atlantic-bikar, sem er samstarfsverkefni milli knattspyrnusambanda Íslands og Færeyja, með stuðningi opinberra aðila. Leikurinn er árlegur og fer fram síðustu helgina í apríl á ári hverju, til skiptis í Færeyjum og á Íslandi. Leikurinn fór fram á KR-velli 27. apríl, en gert hafði verið ráð fyrir að hann færi fram í Egilshöll. Ástand grasvalla var einstaklega gott snemma vors eftir mildan vetur og muna menn vart annað eins.

ERLENDIR LEIKMENN

Á síðasta keppnistímabili voru erlendir leikmenn alls 74 talsins, sem er svipuð heildartala og árið á undan. 20 erlendir leikmenn léku í Landsbankadeild karla, 13 léku í 1.

deild karla, 14 í 2. deild karla, 18 í 3. deild karla, 7 í Landsbankadeild kvenna og 2 í 1. deild kvenna. Erlendum leikmönnum fækkaði í kvennadeildunum tveimur, eða úr 15 alls í 9, en fjölgaði hins vegar nokkuð í efstu tveimur deildum karla, fór úr 14 í 20 leikmenn í Landsbankadeild og úr 8 í 13 í 1. deild. Fjöldinn stóð hins vegar í stað í 2. og 3. deild karla.

Ár	Fjöldi
2003	74
2002	70
2001	93
2000	89
1999	82
1998	65

Alls voru 22 af 30 félögum í landsdeildum karla með erlenda leikmenn í sínum röðum, auk 8 félaga í 3. deild. Sjö af tíu félögum í Landsbankadeild karla voru með erlenda leikmenn, þar af Grindavík og KA með flesta, eða 5 leikmenn hvort félag. Fjögur af átta félögum í Landsbankadeild kvenna voru með erlenda leikmenn, þar af ÍBV með flesta, 5 alls.

KNATTSPYRNA ORÐIN HEILSÁRSÍPRÓTT

Segja má að knattspyrnan sé orðin heilsársíprótt. Í janúar hefjast héraðsmót meistaraflokks karla og Deildarbikarinn tekur síðan við um miðjan febrúar. Í maí hefjast landsmót sem standa út september og þá taka við Haustmót KRR og Haustmót Faxaflóafélaga, sem leikin eru fram í desember. Í lok nóvember fara fram Íslandsmót meistara-flokka karla og kvenna í innanhússknattspyrnu, en yngri flokkar leika innanhúss í janúar og febrúar.

BREYTTAR REGLUGERÐIR UM SAMNINGA LEIKMANNA

Á ársþingi KSÍ 2003 voru gerðar viðamiklar breytingar á reglugerðum er varða félagaskipti leik-

manna og samninga þeirra. Breytingarnar voru gerðar til að uppfylla skilyrði sem koma fram í reglugerð FIFA er varða þennan málaflokk. Viðamesta breytingin snertir glugga sem settir voru á félagaskipti til landsins. Samningsbundinn leikmaður getur aðeins skipt til landsins á tímabilinu 16. október - 31. maí og 15. - 31. júlí.

Heimild til að gera uppeldissamninga var afnumin, en heimilað að gera samninga við leikmenn á því almanaksári sem þeir verða 16 ára.

Breyting var gerð á því hvernig afreksstuðlar eru ákvarðaðir vegna leikmanna sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar. Stuðullinn er nú ákveðinn af framkvæmdastjóra í stað nefndarinnar.

MÁL TIL SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFNDAR

Tvö mál voru tekin formlega fyrir hjá samninga- og félagaskiptanefnd á árinu: Páll Gísli Jónsson gegn ÍA vegna ágreinings um túlkun á ákvæði í samningi og Valur gegn FH vegna félagaskipta Ármanns Smára Björnssonar. Fjallað er nánar um málin í fylgiskýrslu. Nefndin fékk ýmis smærri ágreiningsmál til úrlausnar á árinu, án þess að um formlegt málskot væri að ræða, sem nefndarmenn og starfsmenn KSÍ leystu.

SKRÁÐUM SAMNINGUM FJÖLGAR Á NÝ

Fjöldi samninga sem skráðir voru á árinu hjá félögum í Landsbankadeild karla var 126, eða nokkru fleiri en árin á undan. Fjöldinn féll nokkuð 2002 (105), en var svipaður og nú árin 2001 (119) og 2000 (117). Þróunin virðist þó vera sú að félögin hafi almennt færri leikmenn á samningi en áður tíðkaðist, en árið 1999 var 151 samningur skráður hjá félögum í deildinni.

FÉLAGASKIPTI Á ÁRINU

Fjöldi félagaskipta í ár var 1.257 sem er umtalsverð aukning frá fyrri árum. Árið 2002 voru félagaskiptin 1.078, árið 1999 voru þau 1.043, 2000 voru þau 1.105 talsins, og 2001 voru þau 1.096. Líkt og síðustu ár þurfti starfsfólk KSÍ að grípa inn í mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti. Í tveimur tilfellum gengu mál svo langt að framkvæmdastjóri KSÍ þurfti að gefa út keppnisleyfi.

UMBOÐSMENN LEIKMANNA

Á Íslandi hafa nú fjórir aðilar réttindi til að starfa sem umboðsmenn leikmanna, eða "KSÍ-umboðsmenn". Aðilar sem vilja starfa sem umboðsmenn leikmanna þurfa að standast skriflegt próf, auk þess sem þeir þurfa að verða sér úti um tryggingar og undirrita sérstaka yfirlýsingu um framkomu, skv. reglugerð um umboðsmenn leikmanna. Í lok mars á síðasta ári þreytti einn aðili prófið og stóðst það, Guðlaugur Þór Tómasson, og hefur hann nú einnig uppfyllt önnur nauðsynleg formsatriði til þess að verða umboðsmaður leikmanna.

Eftirtaldir aðilar hafa því nú réttindi til að starfa sem KSÍ-umboðsmenn: Arnór Guðjohnsen, Eyjólfur Bergþórsson, Guðlaugur Þór Tómasson og Ólafur Garðarsson.

SIGURVEGARAR Í MÓTUM MEISTARAFLOKKA

Íslandsmeistarar karla

24 sinnum	KR
19 sinnum	Valur
18 sinnum	Fram, ÍA
5 sinnum	Víkingur R.
4 sinnum	Keflavík
3 sinnum	ÍBV
1 sinni	KA

Bikarmeistarar karla

10 sinnum	KR
9 sinnum	ÍA
8 sinnum	Valur
7 sinnum	Fram
4 sinnum	ÍBV
2 sinnum	Fylkir
2 sinnum	Keflavík
1 sinni	ÍBA, Víkingur R.

Íslandsmeistarar kvenna

14 sinnum	Breiðablik
6 sinnum	KR
4 sinnum	FH, Valur
3 sinnum	ÍA
1 sinni	Ármann

Bikarmeistarar kvenna

9 sinnum	Valur
8 sinnum	Breiðablik
4 sinnum	ÍA
2 sinnum	KR

•••••

DÓMARAMÁL

BREYTINGAR HJÁ DÓMURUM

Engar breytingar urðu á A-hópi dómara frá fyrra ári. Ingvar Guðfinnsson varð A-aðstoðardómari, en Haukur Ingi Jónsson tók sér ársleyfi frá störfum. Gunnar Sv. Gunnarsson var færður upp í B-hóp dómara og Sigurður Óli Þorleifsson hafði orðið B-aðstoðardómari á miðju árinu áður. Ásgrímur Á. Hinriksson var valinn B-aðstoðardómari, en lét af störfum vegna veikinda. Þorvaldur Árnason og Þóroddur Hjaltalín voru teknir inn sem nýir C-dómarar, auk Oddbergs Eiríkssonar aðstoðardómara.

Í árslok 2003 var lokið við flokkun ABC-dómara 2004. Sigurður Óli Þorleifsson færðist upp sem A-aðstoðardómari, Áskell Gíslason og Sævar Jónsson verða B-dómarar og Haukur Ingi Jónsson og Sverrir

Pálmason verða B-aðstoðardómarar. Nýir C-dómarar 2004 verða Halldór Ingi Steinsson, Valgeir Valgeirsson og Örvar Sær Gíslason.

EYJÓLFUR ÓLAFSSON LÉT AF STÖRFUM

Eyjólfur Ólafsson lét af störfum sem dómari í árslok 2003, fimmtugur að aldri, eftir langan og glæsilegan feril. Hann var heiðraður sérstaklega á lokahófi knattspyrnumanna í október.

ÆFINGAFERÐIR

Líkt og undanfarin ár fóru allmargir dómarar í ferðir suður á bóginn til undirbúnings fyrir aðalleiktíðina. Í apríl voru 12 dómarar að störfum á Canela Cup á Spáni á vegum KSÍ og Úrvals/Útsýnar og 2 dómarar fóru til Portúgals í samvinnu við Terra Nova.

LANDSDÓMARARÁÐSTEFNA OG AÐRIR FUNDIR

Árleg ráðstefna fyrir deildardómara KSÍ var að þessu sinni haldin á Selfossi í lok apríl. Erlendur gestur var Wilfried Heitmann frá Þýskalandi.

Fræðslufundur fyrir aðra KSÍ dómara voru haldnir í Reykjavík, á Akureyri og á Reyðarfirði. Samræmingarfundur A-dómara var haldinn um miðjan júlí í Reykjavík. Leiðbeinandi fylgdist með leikjum yngri dómara í deildarbikarkeppni á Akureyri í apríl og fimm ungir dómarar tóku þátt í hæfileikamótun að Laugarvatni í ágúst.

Að auki tóku fulltrúar dómara-nefndar þátt í árlegri ráðstefnu fyrir sænska dómara í tveimur efstu deildum karla í janúar og fundi norrænu dómara-nefndanna, sem var að þessu sinni í Færeyjum í lok ágúst.

DÓMGÆSLA Í 1. DEILD KVENNA

Sú breyting var gerð fyrir síðasta keppnistímabil að KSÍ skipaði í fyrsta sinn dómara (ekki aðstoðardómara) á leiki í 1. deild kvenna. KSÍ annast því hér með alla dóm-gæslu í meistaraflokkum karla og kvenna og sér einnig um aðstoðardómara, nema í riðlakeppnum 3. deildar karla og 1. deildar kvenna. KSÍ skipar að auki dómara (ekki aðstoðardómara) á leiki í A- og B-deildum Íslandsmóts 2. flokks karla, auk leikja í bikarkeppni 2. flokks karla (frá og með 8-liða úrslitum).

ÍSLENSKIR DÓMARAR Á ALÞJÓÐLEGUM LEIKJUM

Íslenskir dómarar dæmdu alls 9 A eða U21 landsleiki á árinu, bæði vináttulandsleiki og leiki í undankeppnum EM. Að auki voru íslenskir dómarar á fjölda leikja í Evrópumótum félagsliða og Evrópumótum U17 og U19 landsliða. Alþjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2003 koma fram í fylgiskýrslu.

VERKEFNIN AUKAST ENN

A, B og C deildardómarar sáu um 1.330 störf í meistaraflokki karla og kvenna (1.311 árið áður), 655 sinnum sem dómarar og 647 sinnum sem aðstoðardómarar. Að auki koma störf sem varadómarar, alþjóðleg verkefni, leikir á vegum félaga, leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, æfingaleikir og innanhússmót. Sérstakt yfirlit í fylgiskýrslu sýnir nöfn og flokkun dómara, ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna í meistaraflokki árið 2003.

Um 70 aðrir dómarar (D-hópur) störfuðu við meistaraflokksleiki, þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og félögin

beint. Þetta eru mikilvæg störf sem dómarar í 3. deild karla, 1. deild kvenna og aðstoðardómarar í 1. og 2. deild karla og í Landsbankadeild kvenna.

DÓMARANÁMSKEIÐ

Námskeið fyrir verðandi unglíngadómara voru haldin með svipuðum hætti og undanfarin ár. Nemendur fá þrisvar sinnum sent lesefni og ábendingar í tölvupósti, auk heima-verkefna. Að lokum eru 2 kennslustundir með kennara og lokapróf í Reykjavík, en nemendur á smærri stöðum taka próf í heimabyggð. Haldin voru námskeið í mars, maí og nóvember og luku alls 140 dómaraefni prófi árið 2003, auk 25 nemenda sem luku prófi við íþróttaskor Kennaraháskólans að Laugarvatni.



LANDSLIÐSMÁL

ÞJÁLFAFARASKIPTI

Það skiptust á skin og skúrir hjá A landsliði karla á árinu. Eftir töp í tveimur fyrstu leikjum ársins sagði Atli Eðvaldsson starfi sínu sem þjálfari lausu og í hans stað voru ráðnir þeir Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson, fyrst tímabundið, en síðan var gerður við þá samningur sem gildir út árið 2005.

Þeir félagar hefðu varla getað byrjað betur, fyrst þrír sigurleikir og síðan jafntefli við Þjóðverja. Íslenska liðið var komið í efsta sæti EM riðilsins og var þar í nokkrar vikur, svo sannarlega skemmtileg staða. Aldrei áður hefur liðið verið eins nálægt því að komast í lokakeppni stórmóts og ef úrslit hefðu verið hagstæð í einum til tveimur leikjum hefði íslenska liðið a.m.k.

komist í umspil um sæti á EM. Miðað við frammistöðu liðsins á árinu þarf draumurinn um sæti í lokakeppni stórmóts ekki að vera svo fjarlægur.

Helena Ólafsdóttir tók við A landsliði kvenna af Jörundi Áka Sveinssyni í byrjun ársins og byrjaði einstaklega vel. Úlfar Hinriksson var ráðinn þjálfari U21 liðs kvenna og varð jafnframt aðstoðarmaður Helenu með A landsliðið.

Kvennalandslíðið er sennilega í betri stöðu í undankeppni EM í dag en nokkru sinni áður í undankeppni stórmóts. Liðið hefur 10 stig að loknum 5 leikjum og á eftir tvo heimaleiki og einn útileik, þannig að möguleikarnir eru svo sannarlega fyrir hendi. Breiddin í íslenskri kvennakttsþyrnu er sífellt að aukast og reglulega koma upp í landsliðið ungir, sterkir leikmenn, sem eiga framtíðina fyrir sér.

A LANDSLIÐ KARLA

Fyrsti landsleikur ársins var viðureign gegn Skotum í undankeppni EM í lok mars. Skotarnir réðu ferðinni í Glasgow og lögðu Íslendinga öðru sinni í keppninni, að þessu sinni 2-1.

Nákvæmlega mánuði eftir Skotalaikinn var vináttuleikur gegn Finnum í Helsinki og er skemmst frá því að segja að heimamenn tryggðu sér öruggan sigur í leiknum með því að skora þrjú mörk í síðari hálfleik. Rúmri viku eftir leikinn sagði Atli Eðvaldsson starfi sínu lausu sem landsliðsþjálfari og við tóku Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson.

Fyrstu verkefni þeirra Ásgeirs og Loga voru leikir í undankeppni EM, fyrst gegn Færeyingum á heimavelli og gegn Litháen á útivelli í júní, og síðan útileikur í

Þórshöfn í Færeyjum í ágúst. Óhætt er að segja að þeir félagar hafi byrjað vel með liðið, því sigur vannst í öllum leikjunum, 2-1 gegn Færeyjum á Laugardalsvelli, 3-0 gegn Litháum í Kaunas og aftur 2-1 gegn Færeyingum á útivelli. Með sigrinum í Þórshöfn fór íslenska liðið á topp riðilsins.

Næsti leikur var einhver sá stærsti í íslenskri knattspyrnusögu, gegn HM-silfurliði Þjóðverja á Laugardalsvellingum. Íslenska liðið var betri aðilinn í þessum leik og mátti teljast afar óheppið að ná ekki að leggja Þjóðverjana að velli. Engu að síður er það frábær árangur að gera markalaust jafntefli við stórlið eins og það þýska. Þetta þýddi að íslenska liðið hélt toppsæti riðilsins enn um sinn, en Þjóðverjar áttu leik til góða.

Rúmum mánuði eftir fyrri leikinn mættust Ísland og Þýskaland aftur, að þessu sinni í Hamborg. Þrátt fyrir góða tilburði íslenska liðsins voru Þjóðverjarnir okkar mönnum yfirsterkari og sigruðu 3-0. Eins marks sigur Skota á Litháum á sama tíma þýddi að Ísland missti naumlega af sæti í umspili um sæti í lokakeppni EM 2004.

Lokaverkefni ársins var vináttulandsleikur gegn Mexíkó, sem fram fór í San Francisco í Bandaríkjunum í nóvember. Marga lykilmenn vantaði í íslenska liðið, sem var þó nærri sigri en gestgjafarnir. Markalaust jafntefli var niðurstaðan og var leikurinn kærkomið tækifæri fyrir þjálfarana til að skoða nokkra leikmenn sem gætu komið við sögu í landsliðinu á komandi árum.

U21 LANDSLIÐ KARLA

Ólafur Þórðarson þjálfaði U21 landslið karla, sem átti erfitt uppdráttar á árinu. Liðið fékk ekki eitt einasta stig í undankeppni EM,

sem lauk á árinu. Á árinu var enginn vináttulandsleikur, en fram fóru fjórir leikir í undankeppni EM.

Í mars var leikið gegn Skotum á útivelli og unnu gestgjafarnir sanngjarnan 1-0 sigur.

Næst var leikið í Litháen í júní og tapaðist sá leikur einnig, að þessu sinni með þremur mörkum gegn engu.

Þriðji leikur ársins og eini heimaleikurinn var gegn Þjóðverjum á Akranesvelli. Gestirnir höfðu talsverða yfirburði í leiknum og sigruðu 3-1.

Lokaleikurinn var síðan á útivelli, aftur gegn Þjóðverjum. Að þessu sinni lék íslenska liðið vel og var óheppið að tapa 0-1.

U19 LANDSLIÐ KARLA

Guðni Kjartansson stjórnaði U19 landsliði karla á árinu, eins og hann hefur gert frá árinu 1992.

Í apríl fóru fram tveir vináttulandsleikir gegn Skotum ytra. Ísland sigraði 2-1 í fyrri leiknum, en þeim síðari lauk með 3-3 jafntefli. Liðið lék vel í báðum leikjunum og greinilegt að þarna fer hópur efnilegra leikmanna sem vert er að gefa gaum í náinni framtíð.

Undanriðill Evrópumótsins fór fram í Moldavíu í október. Íslenska liðið gerði 1-1 jafntefli gegn Hollendingum í fyrsta leik og hefðu okkar piltar hæglega getað farið með sigur af hólmi. Næsti leikur tapaðist 1-2, gegn sterku liði Ísraela, en 3-2 sigur vannst í lokaleiknum gegn gestgjöfunum. Ísrael og Ísland voru jöfn að stigum, bæði með 4 stig, og komust Ísraelar áfram vegna sigurs í innbyrðis viðureign liðanna.

U17 LANDSLIÐ KARLA

Fyrsta verkefni ársins hjá U17 landsliði karla og jafnframt fyrsta verkefni nýs þjálfara, Lúkasar Kostic, var Opna Norðurlandamótið, sem að þessu sinni fór fram í Hamar í Noregi. Íslendingar höfðu titil að verja, en liðið varð Norðurlandameistari í aldursflokknum árið áður. Liðið náði sér ekki á strik að þessu sinni og tapaði öllum leikjunum í riðlakeppninni, 0-3 gegn Englandi, 0-2 gegn Noregi og 0-1 gegn Danmörku. Í leik um 7.-8. sætið á mótinu vann Ísland síðan öruggan 4-0 sigur á Færeyingum.

Undanriðill EM fór fram í Litháen í september. Íslenska liðið lék frábærlega, sigraði í fyrstu tveimur leikjunum, 3-1 gegn Albaníu og 5-1 gegn Litháen og gerði síðan markalaust jafntefli við Rússa. Liðið hafnaði í öðru sæti riðilsins og komst því áfram í milliriðil, sem fram fer í Englandi í mars 2004.

ÚRTÖKUMÓT

Hið árlega úrtökumót fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman tæplega 70 drengir og fór mótið vel fram. Úrtökumót þetta er haldið vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í U17 landsliðið 2004 og mun hluti þessa hóps koma saman til æfinga í vetur. Í nóvember sl. voru svo boðaðir um 35 drengir á æfingar sem verða hlutgengir á úrtökumót ársins 2004.

NETSALA Á LANDSLEIKI GEKK FRAMAR VONUM

Árið 2002 var landsmönnum fyrst boðið upp á að kaupa miða á landsleiki í gegnum ksi.is og esso.is, í svokallaðri netáskrift þar sem hægt var að kaupa miða á fleiri en einn landsleik í einu. Þannig gat fólk tryggt sér miða á einstaklega hagstæðu verði, auk þess sem veittur var 50% afsláttur fyrir 16

ára og yngri. Þessi möguleiki hefur mælst afar vel fyrir og hafa margir nýtt sér hann, t.a.m. seldist upp á leikinn Ísland-Þýskaland í netsölu, þannig að engir miðar fóru í sölu á ESSO-stöðvum.

ATVINNUMENN ERLENDIS

Um 40 Íslendingar eru í dag atvinnumenn með erlendum liðum. Flestir leika í Noregi og á Englandi, en íslenskir leikmenn eru einnig hjá liðum í Austurríki, Belgíu, Danmörku, Hollandi, Svíþjóð og Þýskalandi. Atvinnumönnum fjölgaði verulega eftir Bosmandóminn svokallaða, en fækkaði síðan eilítið og virðist fjöldinn nú vera nokkuð stöðugur.

FYRSTUR Í 100 LEIKI

Rúnar Kristinsson, leikmaður með Lokeren í Belgíu, er fyrstur íslenskra leikmanna til að ná 100 landsleikjum. Áfanganum náði hann í viðureign Íslands og Litháen í Kaunas í undankeppni EM á síðasta ári. Rúnar lék þrjá leiki til viðbótar á árinu og hefur því leikið alls 103 A-landsleiki fyrir Íslands hönd og skorað í þeim 3 mörk. Hann lék sinn fyrsta A-landsleik í október 1987, er hann kom inn á sem varamaður í 2-0 tapi gegn liði Sovétríkjanna í Simferopol, þá 18 ára gamall.

LANDSLEIKJAÁFANGAR

Eins og getið er hér að framan náði Rúnar Kristinsson að leika sinn 100. landsleik á árinu, fyrstur Íslendinga. Nokkrir aðrir leikmenn náðu einnig stórum áfanga í leikjafjölda fyrir A-landslið karla. Helgi Sigurðsson og Hermann Hreiðarsson léku sinn 50. landsleik á árinu og þeir Arnar Þór Viðarsson, Eiður Guðjohnsen og Heiðar Helguson léku sinn 25. landsleik.

STYRKLEIKALISTAR FIFA

A-landslið karla var í 58. sæti á styrkleikalista FIFA í lok ársins 2003, og stendur því í stað frá því á sama tíma árið á undan. Listinn er gefinn út mánaðarlega. A-landslið kvenna var hins vegar í 17. sæti í lok árs á styrkleikalista FIFA fyrir kvennalandslið sem gefinn var út í fyrsta skipti á árinu.

NÆRRI HELMINGUR LANDSLEIKJA KVENNALEIKIR

Á árinu léku landslið Íslands samtals 45 leiki, en þar af var 21 kvennaleikur, eða nærri helmingur allra landsleikja á árinu. Heildarfjöldi landsleikja var sá sami og árið á undan, en landsleikjum karla fækkaði enn. Árið 2001 voru þeir 32, fækkaði í 27 árið 2002, og voru 24 í ár. A lið karla lék flesta leiki allra liða, eða 8.

UNDANKEPPNI HM 2006 - GAMLIR KUNNINGJAR

Dregið var í riðla fyrir undankeppni HM 2006 í desember síðastliðnum, en lokakeppni mótsins fer fram í Þýskalandi. Ísland dróst í sterkan riðil ásamt Svíþjóð, Króatíu, Búlgaríu, Ungverjalandi og Möltu. Óhætt er að segja að þarna mæti Ísland nokkrum góðkunningjum frá undankeppnum stórmóta á undanförunum árum, að Króötum undanskildum, sem við höfum aldrei mætt í A-landsleik áður. Ísland var með Svíþjóð og Ungverjalandi í riðli í undankeppni EM 1996, og með Búlgaríu og Möltu í riðli í undankeppni HM 2002.

A LANDSLIÐ KVENNA

Undankeppni EM hófst á árinu undir stjórn nýs þjálfara, Helenu Ólafsdóttur, og er óhætt að segja að frammistaðan lofi góðu.

Fyrsta verkefni ársins var vináttulandsleikur gegn þáverandi heimsmeisturum Bandaríkjanna í Charleston í febrúar. Jörundur Áki Sveinsson stjórnaði liðinu í leiknum, en Helena Ólafsdóttir fór með liðinu til Bandaríkjanna og tók síðan við stjórnartaumunum að þeirri ferð lokinni. Eins og við var búist sótti bandaríska liðið mun meira í leiknum og tókst að skora mark strax í upphafi leiks. Skömmu síðar var reyndar einn leikmanna Íslands togaður niður í vítateig andstæðinganna, en engin vítaspyrna dæmd. Mark Bandaríkjanna í byrjun reyndist eina markið sem skorað var, enda varðist íslenska liðið af krafti og gaf fá færi á sér.

Um sumarið hófst síðan undankeppni EM með leik við Ungverja á Laugardalsvelli, sem var fyrsti leikur liðsins undir stjórn Helenu. Sigur Íslands var öruggur, 4-1, og ljóst að góð byrjun gaf liðinu byr undir báða vængi.

Næst komu tveir útileikir, gegn Rússum í ágúst og Frökkum í september, en þessi tvö lið voru einmitt talin þau sterkustu í riðlinum. Íslenska liðið var nálægt því að leggja Rússa, en hafði ekki heppnina með sér og lokatölur leiksins urðu 1-1. Frakkar sigruðu síðan íslenska liðið 2-0 í Frakklandi og þóttu úrslitin nokkuð sanngjörn.

Liðið lék þrjá leiki í september, fyrrgreindan leik gegn Frökkum, og svo tvo leiki gegn Pólverjum. Fyrri viðureignin gegn Pólverjum, sem fram fór á Laugardalsvelli, reyndist söguleg í meira lagi, enda gjör-sigraði íslenska liðið það pólska með 10 mörkum gegn engu, met í A-landsleik sem verður seint slegið. Mótstaðan reyndist öllu meiri í síðari leiknum, sem fram fór í Póllandi, en Ísland hafði þó sigur, 3-2.

U21 LANDSLIÐ KVENNA

Úlfar Hinriksson þjálfaði U21 landslið kvenna og var fyrsta verkefni hans með liðið vináttulandsleikur gegn Svíum, sem leikinn var í Egilshöll. Þetta var í fyrsta sinn sem landsleikur fer fram innanhúss hér á landi. Íslenska liðið lék vel í leiknum, en Svíar tryggðu sér 3-1 sigur með tveimur mörkum undir lok leiksins.

Opna Norðurlandamótið fór fram í Danmörku og hafnaði íslenska liðið í áttunda og neðsta sæti. Liðið gerði 1-1 jafntefli gegn Norðmönnum í fyrsta leik, en tapaði síðan 0-3 gegn Bandaríkjunum og 0-2 gegn Danmörku. Í leik um 7.-8. sæti gerði liðið síðan 2-2 jafntefli gegn Finnum, en tapaði í vítaspyrnukeppni að leik loknum og hafnaði því í neðsta sæti.

U19 LANDSLIÐ KVENNA

Ólafur Þór Guðbjörnsson hefur verið þjálfari U19 liðs kvenna síðan 1999, og hefur stjórnað liðinu í öllum leikjum þess nema einum, gegn Færeyingum árið 1997.

Undanriðill EM fór fram í Slóvakíu í lok september. Íslenska liðið stóð sig frábærlega og vann alla leiki sína í riðlinum, 4-0 gegn Lettlandi, 5-3 gegn Slóvakíu og 1-0 gegn Tékklandi, en síðastnefndi leikurinn var úrslitaleikur um efsta sæti riðilsins. U19 kvenna leikur því í milliriðli í Póllandi í apríl 2004. Í þessu U19 landsliði kvenna eru margir sterkir leikmenn sem gaman verður að fylgjast með í náinni framtíð.

U17 LANDSLIÐ KVENNA

Opna Norðurlandamótið fór fram í Svíþjóð í byrjun júlí. Íslenska liðið olli nokkrum vonbrigðum á mótinu eftir góða frammistöðu árið áður. Liðið tapaði öllum leikjum sínum á

mótinu, 2-4 gegn bæði Frakklandi og gestgjöfunum, 1-2 gegn Finnum, og 2-3 gegn Dönum í leik um 7.-8. sæti.

Liðið tók þátt í Ólympíudögum æskunnar, sem fram fóru í París um mánaðamótin júlí/ágúst. Liðið lék þar þrjá leiki, tapaði 0-1 gegn Írlandi og gegn Danmörku með sömu markatölu, en gerði síðan 4-4 jafntefli gegn Svíþjóð í hörkuleik, og hafði síðan betur í vítaspyrnukeppni sem fram fór að leik loknum og hafnaði þar með í 5. sæti á mótinu. Þjálfari U17 kvenna var Ragnhildur Skúladóttir.

ÞÓRA LÉK SINN 25. LEIK

Þóra B. Helgadóttir, markvörður A-landsliðs kvenna, náði þeim áfanga á árinu að leika sinn 25. leik fyrir liðið.

AUGLÝSINGAR A-KVENNA VINNA TIL VERÐLAUNA

Undanfarin ár hafa verið gefin út veggspjöld til að vekja athygli á heimaleikjum A-landsliðs kvenna. Óhætt er að segja að herbragðið hafi virkað, því síðan þessi hugmynd var fyrst framkvæmd hefur áhorfendafjöldinn verið á bilinu 1.000 til 3.000, en áður voru áhorfendur á bilinu 200 til 400. Veggspjöldin vekja alltaf athygli og má segja að það sé orðinn hluti af eftirvæntingunni að sjá hvernig veggspjaldið fyrir næsta kvennalandisleik muni líta út.

Tvær auglýsingar sem gerðar voru til að kynna leiki A-landsliðs kvenna árið 2002 unnu til verðlauna í samkeppni um athyglisverðustu auglýsingar þess árs. ÍMARK og Samband íslenskra auglýsingastofa standa að samkeppninni. *Boltastríð við Breta* (Ísland-England) sigraði í flokknum "Besta dagblaðaauglýsingin" og

Stelpuslagur (Ísland-Spánn) sigraði í flokknum "Besta veggspjaldið".

Í lok ársins bauð menntamálaráðherra kvennalandslíðinu til móttöku í ráðherrabústaðnum í tilefni af glæsilegri frammistöðu liðsins og frumleika við gerð ofangreindra veggspjalda.

EIÐUR OG ÁSTHILDUR KNATTSPYRNUFÓLK ÁRSINS

KSÍ útnefndi Eið Smára Guðjohnsen, leikmann Chelsea í Englandi, knattspyrnumann ársins 2003 og Ásthildi Helgadóttir, leikmann KR, knattspyrnukonu ársins 2003. Ásthildur hlaut þar með útnefninguna annað árið í röð.

Eiður Smári Guðjohnsen hefur undanfarin ár verið lykilmáður í íslenska landsliðinu og hefur leikið vel með félagslíðinu sínu, Chelsea. Eiður hóf feril sinn í meistaraflokki með Val árið 1994, þá 16 ára gamall, en fluttist síðan til Hollands þar sem hann lék með sterku liði PSV Eindhoven. Eftir að hafa sigrast á erfiðum meiðslum hélt Eiður til Englands, þar sem hann lék með Bolton við góðan orðstír, en var síðan seldur til Chelsea árið 2000. Eiður lék frábærlega með Chelsea og landsliðinu á árinu, skoraði 3 mörk í 7 landsleikjum og átti stóran þátt í velgengni liðsins, auk þess að skora 10 mörk fyrir Chelsea á síðasta keppnistímabili. Eiður Smári varð fyrirliði íslenska landsliðsins á árinu og hefur nú gegnt því hlutverki í 5 leikjum.

Ásthildur Helgadóttir hefur um árabil verið ein sterkasta knattspyrnukona landsins. Hún hóf feril sinn með Breiðabliki og lék þar til ársins 1992 er hún skipti í KR. Frá 1992 hefur Ásthildur leikið með KR, Breiðabliki og ÍBV, auk þess að leika með liðum í Þýskalandi og Bandaríkjunum og nú síðast með Malmö í Svíþjóð. Ásthildur, sem átti stóran þátt í velgengni kvenna-

landsliðsins á árinu, hefur leikið 56 leiki með A landsliði Íslands og er markahæsti leikmaður liðsins frá upphafi með 18 mörk. Ásthildur er fyrirliði íslenska landsliðsins og hefur gegnt því hlutverki í 21 leik.

•••••

EVROPULEIKIR FÉLAGSLIÐA

HERSLUMUNINN VANTAR

Það hlýtur að teljast áhyggjuefni fyrir íslenska knattspyrnu þegar ekkert af fjórum félagsliðum kemst í gegnum fyrstu hindrun í Evrópukeppni, hvort sem um er að ræða forkeppni Meistaradeildar UEFA, UEFA-bikarinn eða Intertotokeppnina. Þó verður að segjast að íslensku liðin náðu öll viðunandi úrslitum á útivelli, sem gáfu vonir um árangur fyrir síðari leikina, sem í öllum tilfellum fóru fram á heimavelli. En þegar á reyndi náði ekkert þeirra að leggja andstæðinga sína, þó svo að munurinn hafi aldrei verið mikill. Frammistaðan í ár var í heildina framför frá fyrra ári. Það vantar aðeins herslumuninn, hann kemur með hagstæðari úrslitum í heimaleikjunum.

MEISTARAEILD UEFA

KR lék í forkeppni Meistaradeildar Evrópu og mætti þar Pyunik Yerevan frá Armeníu í 1. umferð forkeppninnar. KR-ingar töpuðu fyrri leiknum á útivelli 0-1, og gerðu síðan 1-1 jafntefli í síðari leiknum, sem fram fór á Laugardalsvelli.

UEFA-BIKARINN

Grindavík og Fylkir voru fulltrúar Íslands í UEFA-bikarnum og þurftu bæði lið að komast í gegnum eina umferð í forkeppni áður en þau kæmust í 1. umferð sjálfrar aðalkeppninnar. Grindvíkingar voru sérlega óheppnir að komast ekki áfram og voru aðeins einni mínútu frá því að slá út austurríska liðið Kärnten, sem landsliðsmaðurinn Helgi Kolviðsson leikur með. Eftir 1-2 tap í fyrri leiknum á útivelli hefði Grindvíkingum dugað 1-0 sigur á heimavelli í síðari leiknum. Kärnten jafnaði metin í 1-1 þegar komið var fram yfir venjulegan leiktíma og sló lið Grindvíkinga þannig út.

Fylkir lék gegn sænska liðinu AIK Solna og náði nokkuð hagstæðum úrslitum í útileiknum, sem þeir töpuðu 0-1. Í síðari leiknum, sem fram fór á Laugardalsvelli var leikmanni AIK vikið af leikvelli eftir aðeins 20 mínútur, en Fylkismönnum tókst ekki að nýta sér liðsmuninn og lokatölur leiksins urðu 0-0.

Útileikur Fylkis gegn AIK var sögulegur að því leyttinu að kona dæmdi leikinn, og var það í fyrsta sinn sem kvenmaður dæmir leik í Evrópumótum félagsliða karla. Eftir leikinn gáfu Fylkismenn dómáranum viðurkenningargrip til minningar um þennan sögulega viðburð.

INTERTOTO-KEPPNIN

KA tók þátt í Intertoto-keppninni fyrir Íslands hönd að þessu sinni og mætti Sloboda Tuzla frá Bosníu-Herzegóvínu í 1. umferð. Báðum leikjum liðanna lyktaði með 1-1 jafntefli, þannig að vítaspyrnukeppni þurfti eftir síðari leikinn, sem fram fór á Akureyrarvelli, til að knýja fram úrslit. Þar hafði Tuzla betur og verða KA-menn að

teljast óheppnir að hafa ekki komist áfram í keppninni.

HÁTTVÍSÍKEPPNI UEFA

Milli aðildarlanda UEFA er keppni um þrjú laus sæti í Evrópukeppni félagsliða, sem fer þannig fram að eftirlitsmenn UEFA í leikjum allra landsliða og Evrópukeppnum félagsliða gefa einkunn um háttvísi. Til að eiga möguleika á að komast í pottinn verður viðkomandi land að hafa náð meðaleinkunninni 8,0 og að hafa leikið tilskilinn fjölda leikja í keppnum á vegum UEFA, en að þessu sinni náðu 16 lönd lágmarkinu.

Ísland náði ekki tilskilinni lágmarkseinkunn að þessu sinni og var því ekki með í pottinum.

UEFA-BIKAR KVENNA

Á árinu fór Evrópukeppni félagsliða kvenna fram í 3. sinn. Líkt og áður var leikið í átta riðlum í fyrstu umferð og voru Íslandsmeistarar KR í riðli með skoska liðinu Kilmarnock, Masinac frá Serbíu og Svartfjallalandi og danska liðinu Brøndby, en riðillinn fór einmitt fram þar í landi.

KR-stúlkur léku vel í keppninni og voru íslenskri kvennknattspyrnu til mikils sóma, en töpuðu þó fyrstu tveimur leikjunum naumlega, 1-3 gegn Masinac og 0-1 gegn Brøndby. Í lokaleik liðsins vannst síðan öruggur 5-1 sigur á Kilmarnock, þar sem Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði þrennu, og því höfðu KR-stúlkur í 3. sæti riðilsins.

MANNVIRKJAMÁL

LEYFISKERFIÐ

Aðlögun leyfiskerfis UEFA að íslenskum aðstæðum hvað varðar knattspyrnumannvirki var áfram eitt af meginmálum ársins. Með þeirri aðlögun sem sótt hefur verið um til UEFA vegna leyfiskerfisins, og fengist, þá á áhorfendaaðstaða og önnur nauðsynleg aðstaða á völlum í Landsbankadeildinni að vera komin í gott horf eftir 2-3 ár. Enn er eitt mál óklárað hvað varðar leyfiskerfið, en það er öryggisvottun mannvirkjana.

NORRÆNT ÞING MANNVIRKJANEFNDA

Norrænt þing mannvirkjanefnda var haldið í Noregi 13. - 15. ágúst, en þangað sendi KSÍ 2 fulltrúa. Þar var farið yfir þau verkefni í mannvirkjamálum knattspyrnunnar, sem efst eru á baugi í einstökum löndum. Ísland kynnti sérstaklega hvernig leyfiskerfi UEFA hefur haft áhrif á stefnumótun varðandi almenna uppbyggingu keppnisvalla. Af öðrum málefnum var áhugaverðast að sjá hve geysimiklum árangri Norðmenn hafa náð í uppbyggingu sparkvalla um allt land. Farið var yfir stöðuna varðandi staðla fyrir gervigras og reynslu af notkun 3. kynslóðar gervigrass á keppnisvöllum og fleira.

SPARKVELLIR

Sparkvellir voru aðalverkefnið í lok árs. Stjórn UEFA ákvað að veita sérstöku afmælisfé til uppbyggingar sparkvalla í aðildarlöndum sínum og úthlutaði hverju landi 1 milljón svissneskra franka til þess. Í framhaldi af því ákvað stjórn KSÍ að setja uppbyggingu sparkvalla í forgang næstu tvö árin og sótti um

frekari stuðning til ríkis og nokkurra fyrirtækja til að geta staðið myndarlega að þessu verkefni. Með því móti er vonast til að hægt sé að veita 100-150 milljónum kr. til þessa verkefnis á næstu 2 árum. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög geti sótt um stuðning til KSÍ við uppbyggingu vallanna, og er ætlunin að hlutur KSÍ verði sjálf gervigrasmottan og lagning hennar, en sveitarfélögin sjái um undirbyggingu vallanna og rammann.

.....

FRÆDSLUMÁL

ÞJÁLFARAMENNTUN

Mikilvægur áfangi náðist í þjálfaramenntun KSÍ á þessu starfsári þegar umsókn um aðild að þjálfunarsáttmála UEFA var samþykkt. KSÍ hefur nú leyfi UEFA til að veita þjálfurum á Íslandi UEFA B þjálfaragráðuna, sem þýðir að auðveldara er fyrir þjálfara að fá menntun sína metna í öðrum löndum og jafnframt er þetta gæðastimpill á þjálfaranámskeiðin okkar. Fræðslunefnd hefur nú þegar hafið undirbúning að umsókn um næstu þjálfaragráðu UEFA (UEFA A) og stefnir á að skila inn umsókn til UEFA á árinu 2004. UEFA Pro gráða er svo efsta þjálfaragráða UEFA og stefnt er á að vera í samvinnu við hin Norðurlöndin um að fá að senda til þeirra þá þjálfara sem vilja ljúka þeirri gráðu í framtíðinni.

FRÆDSLUFUR OG PÓSTLISTI

Í mars opnaði KSÍ sérstakan fræðsluvef fyrir þjálfara. Vefurinn er mikið notaður og þar er búið að koma fyrir miklum fróðleik sem nýtist þjálfurum í starfi. Meðal

annars er allt kennslufni þjálfaranámskeiða KSÍ aðgengilegt á fræðsluvefnum.

Á þessu starfsári setti KSÍ einnig í gang póstlista sem þjálfarar geta skráð sig á án endurgjalds og fengið upplýsingar um það helsta sem er í gangi hjá KSÍ hverju sinni.

NÁMSKEIDAHALD

Annað árið í röð var metþátttaka á þjálfaranámskeiðum KSÍ og er námskeiðahaldið orðið mjög umfangsmikið. Alls sóttu 245 þjálfarar menntun á þjálfaranámskeið KSÍ árið 2003 en til samanburðar sóttu 147 þjálfarar námskeið á vegum KSÍ árið 2002 og 109 þjálfarar árið 2001.

ERLEND SAMSKIPTI

KSÍ hefur verið virkt í því að taka þátt í ráðstefnum og námskeiðum erlendis og eru fræðslumálin þar engin undantekning.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri var fulltrúi KSÍ á 14. ráðstefnu UEFA um þjálfaramenntun. Halldór Örn Þorsteinsson var fulltrúi KSÍ á 4. ráðstefnu UEFA um útbreiðslu knattspyrnunnar (grassroots). Sigurður Ragnar Eyjólfsson var fulltrúi KSÍ á 5. ráðstefnu UEFA fyrir fræðslustjóra knattspyrnusambandanna í Evrópu. Ingibjörg Hinriksdóttir formaður fræðslunefndar og Sigurður Ragnar Eyjólfsson voru fulltrúar KSÍ á ráðstefnu Norðurlandanna um þjálfaramenntun.

KNATTSPYRNUFÓLK FRAMTÍÐARINNAR

Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni í júní. Skóli stúlkanna fór fram dagana 10.-14. júní og

sóttu hann 49 stúlkur. Ragnhildur Skúladóttir var skólastjóri og henni til aðstoðar var Íris Björk Eysteinsdóttir. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 18.-22. júní, en hann sóttu samtals 44 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnskólana að vanda.

LEIKUR ÁN FORDÓMA

KSÍ stóð fyrir fræðsluáttakinu *Leikur án fordóma* á árinu til að leggja áherslu á heiðarlega framkomu allra sem koma að knattspyrnunni og eins til að berjast gegn fordómum og einelti. KSÍ sendi öllum aðildarfélögunum bæklinga og veggspjöld til að kynna átakið. Til að styðja enn betur við átakið voru útbúin auglýsingaskilti, fánar og flögg sem voru sýnileg á leikjum og að auki voru send veggspjöld til allra íþróttahúsa á landinu

ÚTBREIÐSLUSTARF

Helstu útbreiðsluverkefni ársins voru að frumkvæði aðildarfélaganna og í umsjón þeirra, en útbreiðslunefnd reyndi að styðja við þau verkefni eftir bestu getu. Einkennandi var fyrir verkefni ársins að þau beindust mörg að því að fá fleiri stúlkur til að iðka knattspyrnu.

KRR hélt fótboltahátið í Egilshöll fyrir stúlkur á grunnskólaaldri í Reykjavík. Í framhaldi af hátíðinni buðu öll félögin í Reykjavík stúlkum að æfa hjá sér í einn mánuð án endurgjalds til að fá fleiri stúlkur til að æfa knattspyrnu.

Eimskip opnaði nýtt vörubúð sinn og bauð börnum í heimsókn við það tækifæri. Meira en 1200 börn reyndu skothittni, spreyttu sig á knattþrautum og fengu gjafir.

KA og Þór stóðu sameiginlega að fótboltahátið á Akureyri í janúar 2004. Hátíðin var einkum ætluð stúlkum á grunnskólaaldri.

Útbreiðslunefnd hefur gert það að markmiði sínu að árið 2007 verði 20.000 skráðir iðkendur í knattspyrnu.



ANNAR

EGGERT ÁFRAM Í FRAMKVÆMDASTJÓRN UEFA

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, situr áfram í framkvæmdastjórn UEFA, en hann var kjörinn árið 2002 til fjögurra ára. Hann hefur m.a. umsjón með nefnd um Evrópumót félagsliða.

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, situr í vallar- og öryggisnefnd UEFA og Ellert B. Schram er sérstakur eftirlitsmaður UEFA í leikjum á vegum sambandsins.

VEFURINN STÆKKAR ÖRT

Vefur KSÍ hefur stækkað mjög ört síðan hann var opnaður í maí 2000 og verður hann sífellt vinsælli. Notkun á innsíðum hans, sem margar hverjar eru beintengdar við gagnagrunn og mótakerfi KSÍ, er gríðarleg og fer vaxandi með hverju árinu sem líður. Knattspyrnuhreyfingin, jafnt sem fjölmiðlar, stuðningsmenn og aðrir aðilar, eru í mjög auknum mæli að tileinka sér notkunarmöguleika vefsins og þessi aukna notkun kallar að sjálfsögðu á aukna þjónustu við þessa notendur. Heimsóknir á vefinn hafa nánast tvöfaldast milli ára og eru heim-

sóknir yfir sumartímamann nú milli 70 og 100 þúsund á mánuði.

Vefsíður eru flestar þannig úr garði gerðar að þær geta aðeins borið tiltekið magn upplýsinga og svo er einnig með ksi.is. Um leið og starf KSÍ færist út á fleiri svið þarf að auka þjónustugildi vefsíðunnar. Sem dæmi má nefna tilkomu leyfiskerfis KSÍ og gríðarlegs átaks í fræðslustarfsemi. Til að svara þjónustubörf við þessa tvo þætti þurfti að setja upp sérstaka vefi, *Leyfisvef* og *Fræðsluvef*, sem eru aðgengilegir af vef KSÍ.

Vefur KSÍ, eins og hann er uppsettur í dag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar m.t.t. til aukinna þarfa notenda og síaukins magns af upplýsingum. Vonir standa til að opnaður verði nýr vefur innan árs.

Á vef KSÍ er að finna gífurlegt magn upplýsinga um alla meginþætti í starfsemi KSÍ, öll mót á vegum KSÍ, KRR-mót, Faxaflóamót, félagaskipti, leikmannasamninga, alla landsleiki og landsliðsmenn frá upphafi, öll eyðublöð, lög og reglugerðir, upplýsingar um leyfiskerfi, fræðslumál og margt fleira. Allar upplýsingar sem skráðar eru í mótakerfi KSÍ uppfærast sjálfkrafa á heimasíðunni og er áhugasömum þannig gert kleift að fylgjast grannt með öllu sem gerist.

Aðildarfélög sjá um að skrá úrslit og leikskýrslur úr heimaleikjum sínum í gegnum aðgang sinn að ksi.is. Með því móti er þjónusta við knattspyrnuáhugafólk aukin verulega, þar sem úrslit úr öllum leikjum og staða í öllum flokkum á vegum KSÍ uppfærast mun hraðar. Þetta hefur gengið vel í flestum tilfellum, en sums staðar þurfa félögin að taka sig verulega á. Með skráningu á vefinn er þjónusta við félagsmenn aukin verulega og afar mikilvægt er að félögin geri sér grein fyrir þessu.

SAMSTARFSADILAR KSÍ

Knattspyrnusamband Íslands á mikið og gott samstarf við mörg fyrirtæki sem starfa á ólíkum vettvangi. Opinberir samstarfsaðilar KSÍ á árinu voru Hekla, Sjóvá-Almennar, Mastercard, Olúfélagið (ESSO), Vífilfell (Coca-Cola), Icelandair, Norðurljós (Sýn), Skýrr, Íslenskar getraunir, Eimskip, Errea og Búnaðarbankinn. Þá var KSÍ í viðskiptasamningum við Símann og EJS, auk þess að eiga í góðu samstarfi við Guðmund Jónasson, Gott fólk, Ísspor, Leppin sport, Icelandair-hotels og fleiri þjónustu-fyrirtæki.

ÍSLANDSLEIKAR SPECIAL OLYMPICS Í KNATTSPYRNU

Um miðjan apríl fóru fram Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu í Reykjaneshöll. Íslandsleikarnir eru liður í Evrópuverkefni Special Olympics og er Íþróttasamband fatlaðra umsjónaraðili Special Olympics hér á landi, en KSÍ aðstoðaði ÍF vegna leikanna nú sem fyrr. Þetta er í þriðja sinn sem slík knattspyrnuvika er haldin en aðaltilgangurinn er að auka fjölda þeirra þroskaheftu einstaklinga í Evrópu sem leggja stund á knattspyrnu með það markmiði að ná 50.000 þátttakendum árið 2005.

ALLAR LEYFISUMSÓKNIR SAMÞYKKTAR

Leyfisráð KSÍ samþykkti leyfi til þátttöku í Landsbankadeild karla 2003 til handa öllum umsækjendum, þ.e. þeim 10 félögum sem unnið höfðu sér rétt til að leika í deildinni. Ákvörðun leyfisráðs markaði tímamót í sögu Íslandsmótsins í knattspyrnu, en í fyrsta sinn byggðist þátttaka í efstu deild ekki aðeins á árangri keppnisliðs félags heldur einnig á ýmsum þáttum í rekstri þess og þeirri

aðstöðu sem félagið getur boðið leikmönnum og stuðningsmönnum sínum.

Félögin 10 urðu að uppfylla kröfur sem settar voru fram í leyfishandbók KSÍ, en sú handbók byggir á sambærilegri handbók sem UEFA gaf út. Leyfishandbók KSÍ var einmitt í hópi þeirra fyrstu sem vottaðar voru af UEFA. Í handbókinni er lýst leyfisveitingaferlinu og þeim lágmarkskröfum sem félög verða að mæta á 5 sviðum sem snúa m.a. að knattspyrnulegu uppeldi leikmanna, aðstöðu til æfinga, menntun þjálfara, aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla, og síðast en ekki síst fjármálum.

KSÍ hefur fengið hrós fyrir vinnu sína við leyfiskerfið, sem og uppsetningu þess hjá sambandinu í heild. Síðastliðið haust kom sendinefnd frá UEFA til að taka út leyfiskerfi KSÍ og lýsti yfir ánægju með uppsetningu kerfisins og skipulaginu í kringum það.

Einn veigamesti þáttur leyfiskerfis KSÍ er krafan um framkvæmdir við aðstöðu áhorfenda á heimavöllum félaganna. Gríðarlega mikilvægt er fyrir félögin að fá bæjaryfirvöld á hverjum stað fyrir sig í lið með sér varðandi uppbyggingu mannvirkja og hafa fulltrúar KSÍ og félaganna átt saman fundi með fulltrúum viðkomandi bæjarfélaga, þar sem viðtökur hafa verið jákvæðar. Eins og staðan er í dag hafa öll félög í Landsbankadeild vilýrði bæjarfélaga sinna fyrir stuðningi við væntanlegar framkvæmdir og verður þeim lokið fyrir 2007 í flestum tilfellum. Þess ber að geta að KSÍ hyggst styrkja allt að fjögur verkefni á ári hverju næstu árin um að hámarki 5 milljónir króna.

Vinna við leyfiskerfið gerir ekki aðeins auknar kröfur til KSÍ, heldur hafa kröfur aukist til muna um fagleg og skipulögð vinnubrögð innan félaganna. Kerfið mun leiða

til þess að félögin munu standa traustari fótum og munu vera betur í stakk búin til að sinna hlutverki sínu.

Í STJÓRN KSÍ SÍÐAN 1975

Jóhann Ólafsson úr Vestmannaeyjum hafði setið í stjórn KSÍ samfleytt síðan 1975, þegar hann ákvað fyrir ársþingið 2003 að hætta. Jóhann hefur verið viðloðandi knattspyrnuna allt frá unga aldri, sem leikmaður og forráðamaður, og hefur hann gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir KSÍ, Tý og ÍBV.

KNATTSPYRNAN ENN LANGVINSÆLUST

Samkvæmt starfsskýrslum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands eru sem fyrr langflestir iðkendur hjá KSÍ af öllum sérsamböndunum, en aukningin milli ára er þó ekki nema um 300 manns, miðað við aukningu um 1.000 manns í golfi. Tölur ÍSÍ sýna að knattspyrnuíðkendur árið 2002 voru 16.826. Næst er golfið með 11.102 iðkendur og hestaíþróttir með 7.780.

KÆRUMÁL

Alls komu sjö kærur upp á árinu. Í öllum tilfellum var um að ræða mál sem komu upp vegna gruns kæranda um ólöglega skipuð lið eða ólöglega leikmenn.

Fjölirnir kærði Þrótt/Hauka vegna leiks í Reykjavíkurmóti meistara-flokks kvenna, þar sem Fjölirnir taldi andstæðinga sína hafa teflt fram ólöglegu liði. Lið Þróttar/Hauka var sýknað af kröfunum.

Léttir kærði KS vegna leiks í 2. deild karla þar sem Léttismenn töldu Siglfríðinga hafa notað ólöglegan leikmann. Dómstóll KSÍ hafnaði kröfum Léttis og úr-

skurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt.

BÍ kærði Bolungarvík vegna leiks í 3. deild karla þar sem Ísfirðingar töldu Bolvíkinga hafa notað ólöglegan leikmann. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur BÍ og úrskurðaði þeim 3-0 sigur í leiknum. Bolungarvík áfrýjaði dómnum, en Áfrýjunardómstóll KSÍ staðfesti dóminn. Þá áfrýjaði Bolungarvík dómnum til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ, sem vísaði málinu frá.

Fjölnir kærði Breiðablik vegna leiks í 2. flokki karla þar sem Fjölnismenn töldu Blika hafa notað ólöglegan leikmann. Kærufrestur var útrunninn þegar kæran barst KSÍ og því var henni vísað frá dómi.

Tindastóll kærði KA vegna leiks í 2. flokki karla þar sem Sauðkrækingar töldu KA-menn hafa notað ólöglegan leikmann. Dómstóll KSÍ féllst á kröfur Tindastóls og úrskurðaði þeim 3-0 sigur í leiknum.

Árborg kærði Hamar vegna leiks í 3. deild karla þar sem Árborgarmenn töldu Hamarsmenn hafa notað ólöglegan leikmann. Dómstóll KSÍ hafnaði kröfum Árborgar og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt.

Selfoss kærði Hauka vegna leiks í 4. flokki karla þar sem Selfyssingar töldu Hauka hafa notað ólöglegan leikmann. Dómstóll KSÍ hafnaði kröfum þeirra og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt.

•••••

FJÁRMÁL

FJÁRMAGN FRÁ UEFA TIL ÍSLENSKRA FÉLAGSLIÐA

UEFA ákvað á síðasta ári, líkt og áður, að hluti af þeim tekjum sem

sambandið hafði af Meistaradeildinni 2002/2003 skuli renna til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna og unglunga hjá þessum félögum.

Stjórn KSÍ ákvað að þessa greiðslu vegna Meistaradeildar UEFA 2002/2003 hlytu félög í efstu deild 2001 - alls 10 félög (þar sem ekkert íslenskt félag lék í Meistaradeildinni), og hlaut hvert þeirra 1,6 m.kr. Félögin eru ÍA, ÍBV, FH, Grindavík, Fylkir, Keflavík, KR, Fram, Valur og Keflavík. Félögin í efstu deild karla 2002 hljóta síðan greiðslu til barna- og unglungastarfs frá UEFA eftir sömu reglum sumarið 2004, o.s.frv. KSÍ setti síðan ákveðnar kvaðir á þau aðildarfélög sín sem hljóta þessa greiðslu. Meðal annars skal greiðslan til félaganna renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglunga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks. Verkefni sem KSÍ leggur áherslu á eru fjölgun iðkenda og um leið fjölgun menntaðra þjálfara að störfum hjá félögunum. Þá geta félögin staðið fyrir nýjum þáttum í barna- og unglungastarfi sínu t.d. með nám-skeiðum eða knattspyrnskólum.

116 MILLJÓNIR KRÓNA FRÁ UEFA OG FIFA

KSÍ sjálft fékk alls 74,8 milljónir króna frá UEFA og FIFA á árinu, en íslensk félagslið fengu 41,3 milljónir.

10 MILLJÓNIR TIL AÐILDARFÉLAGA KSÍ

Stjórn KSÍ ákvað á stjórnarfundum 20. janúar 2004 að greiða tæpar 10 milljónir króna til aðildarfélaga KSÍ, sem gjaldfærast á starfsárið 2003. Alls fengu 57 aðildarfélög

KSÍ sem sendu lið til keppni í mótum á vegum KSÍ í yngri aldursflokkum utanhúss 2003 framlag frá sam-bandinu. Félög sem sendu lið til keppni í yngri flokkum beggja kynja fengu 200 þúsund kr. hvert, en félög sem sendu aðeins lið til keppni í yngri flokkum annars hvors kynsins 125 þúsund kr. hvert. Þá fengu félög sem voru aðilar að einu samvinnufélagi ("skástriksfélagi") 62.500 kr. hvert. Samkvæmt þessu fær 41 félag 200 þúsund kr., 11 félög 125 þúsund kr. og 5 félög 62.500 kr., alls 9.887.500 kr.

HAGNAÐUR Á REKSTRI KSÍ

Heildartekjur KSÍ samstæðunnar 2003 voru 342,9 milljónir kr. og heildargjöld voru 338,9 milljónir kr. Hagnaður varð því 4 milljónir kr., en þá hefur verið tekið tillit til 19,2 milljón kr. framlags til aðildarfélaga.

Rekstraráætlun KSÍ samstæðunnar 2003 gerði ráð fyrir heildartekjum upp á 285,9 milljónir kr. en heildargjöldum upp á 305,9 milljónir kr. Afkoman er því í raun 24 milljónum kr. betri en áætlað hafði verið. Tekjur urðu 20% umfram áætlun en útgjöld 11% umfram áætlun. Mestu munar um á tekjuhliðinni að fjármunatekjur voru mun hærri en áætlað hafði verið og hefur vægi þeirra í heildartekjum sambandsins stöðugt farið vaxandi. Á gjaldahliðinni voru einkum tveir liðir sem fóru fram úr áætlun, það var kostnaður við A landslið karla og skrifstofu- og stjórnunar-kostnaður.

Rekstur KSÍ samstæðunnar stendur á traustum fótum og hefur eigið fé hennar vaxið sl. ár og var í árslok 2003 rúmlega 135 milljónir króna.

Knattspyrnusamband Íslands

Ársreikningur 2003

Efnisyfirlit

Knattspyrnusamband Íslands:

<i>Áritun stjórnenda KSÍ</i>	<i>Bls. 23</i>
<i>Áritun endurskoðenda</i>	<i>24</i>
<i>Rekstrarreikningur</i>	<i>25</i>
<i>Efnahagsreikningur</i>	<i>26-27</i>
<i>Sjóðstreymi</i>	<i>28</i>
<i>Skýringar</i>	<i>29-32</i>
<i>Sundurliðanir</i>	<i>33</i>

Laugardalsvöllur:

<i>Áritun stjórnar Laugardalsvallar</i>	<i>36</i>
<i>Rekstrarreikningur</i>	<i>37</i>
<i>Efnahagsreikningur</i>	<i>38-39</i>
<i>Sjóðstreymi</i>	<i>40</i>
<i>Skýringar</i>	<i>41-43</i>

